

Blað nr. 234

THE Lion

ÍSLENSK ÚTGÁFA



We Serve

janúar / febrúar 2006



Vinningsfriðarveggspjaldið 2005

Janúar / Febrúar 2006 Blað nr. 234
THE LION IN ICELANDIC
FJÖLUMDÆMI 109
Multiple District 109 Iceland

Opinbert málagn Lions Clubs International, gefið út í umboði alþjóðastjórnar Lions á tuttugu tungumálum: dönsku, ensku, farski, finnsku, flæmsku, frönsku, grísku, hollensku, íslensku, ítölsku, japönsku, kínversku, kóresku, norsku, portúgölsku, spænsku, sænsku, tælensku, tyrknesku og þýsku. Þrjátíu Lionsblöð eru gefin út í heiminum.

Útgefandi THE LION á íslensku:
 FJÖLUMDÆMI 109

Tímaritið the Lion kemur út sex sinnum á ári.

Lionssskrifstofan, Sóltúni 20, 105 Reykjavík
 er opin frá kl. 12.00 til 15.00

Sími 561 3122
 Fax: 561 5122
 e-mail / netfang: lions@lions.is
 Heimasíða Lions: lions.is

Ritstjóri:

Ólafur Briem
 Grundarlandi 22, 108 Reykjavík,
 Sími: 561 3122, netfang: lions@lions.is

Setning, umbrot, prentun:

Prentsmiðjan Gutenberg hf.
 Síðumúla 16, 108 Reykjavík

Umsjón auglýsinga: í blað 225 - Lkl. Njörður

í blað 226 - Lkl. Fjörgyn

í blað 227 - Lkl. Eir

í blað 228 - Lkl. Mosfellsbæjar

í blað 229 - Lkl. Fjölnir

í blað 230 - Lkl. Ösp

í blað 233 - Lkl. Hafnarfjarðar

í blað 234 - Lkl. Baldur

FJÖLUMDÆMISRÁÐ FJÖLUMDÆMI 109

Starfsárið 2005-2006

Fjölumdamisstjóri: Geir Hauksson, Lkl. Hafnarfjarðar
 Umdæmisstjóri 109A: Guðmundur Rafnar Valtýsson,
 Lkl. Laugardals

Umdæmisstjóri 109B: Valdimar Þorvaldsson, Lkl. Akraness

Fjölumdamisgjaldkeri: Halldór Kristjánsson, Lkl. Ásbirni

Fjölumdamisritari: Örn Gunnarsson, Lkl. Ásbirni

Fræðslustjóri: Hrunn Hjaltadóttir, Lkl. Fold

Félaganefndarstjóri: Margrét Jónsdóttir, Lkl. Fold

Félagastjóri: Daniel G Björnsson, Lkl. Munin

Útbreiðslustjóri: Pálmi Hannesson, Lkl. Garði

Alþjóðasamskiptastj. f.v. alþjstjm.: Jón Bjarni Þorsteinsson,
 Lkl. Mosfellsbæjar

LCIF stjóri: Halldór Svavarsson, Lkl. Hafnarfjarðar

Kynningarstjóri: Ólafur Vilhjálmsson Lkl. Ásbjörn

Unglingaskiptastjóri: Kristjana E Guðlaugsdóttir, Lkl. Eða

Fv.alþjóðastjórnarmaður: Björn Guðmundsson,
 Lkl. Kópavogs

Lions Quest stjóri/Ff.fjölumdamisstjóri: Þórunn Gestsdóttir,
 Lkl. Eir

Medic Alert stjóri: Magnús B Einarsson, Lkl. Mosfellsbæjar

Menningarstjóri: Jón Eyjólfur Jónsson, Lkl. Nirði

Mínja og skjalavörður: Magnús Steingrímsson, Lkl. Vála

NSR AU nefndarmaður: Þór Steinsson, Lkl. Fjörgyn

Ritstjóri Lionsbláðsins: Ólafur Briem, Lkl. Fjölni

Prótókolls og Pingstjóri: Hörður Sigurjónsson, Lkl. Nirði

Sjónverndar og heilbrigðisstjóri: Björn Guðmundsson,
 Lkl. Viðarri

Umhverfisstjóri: Sigrún Steinsdóttir, Lkl. Eir

Verkefnastjóri: Guðmundur Finnbogason,
 Lkl. Skagastrandar

Verkefnastjóri „Mission 30“: Einar Þórðarson, Lkl. Fjörgyn

Varaumdamisstjóri 109A: Björgúlfur Þorsteinsson,
 Lkl. Hafnarfjarðar

Varaumdamisstjóri 109B: Jón Gröndal, Lkl. Nirði

Frankvæmdastjórn Lionshreyfingarinnar 2005-2006:

International President Ashok Mehta

Immediate Past President Clement Kusiak

First Vice President Jimmy Ross

Second Vice President Mahendra Jayanthipal Chandima

Amarasuriya

Alþjóðastjórnarmenn 2005-2006:

Alþjóðastjórnarmenn á fyrra ári

Roy H. Barnette, South Carolina, USA

Robert J. Eichhorn, Louisiana, USA

Claus A. Faber, Germany

H. David Fandt, Indiana, USA

Ryu Fushimi, Japan

Terry Dale Graham, Ontario, Canada

Luis Gonzalo Guerrero Carrasco, Ecuador

Wayne Heiman, Wisconsin, USA

Miklos Horvath, Hungary

Sheikh Kabir Hossain, Bangladesh

Howard A. Jenkins, Mississippi, USA

Robert William Moore, New Jersey, USA

Beverly A. Roberts, Georgia, USA

Manoj Shah, Kenya

Philippe Soustelle, France

Dr. Jitsuhiro Yamada, Japan

L. Doug Sime, Massachusetts, USA

Alþjóðastjórnarmenn á seinna ári

Luis Alfredo Almansa

Sebastiao Braga, Belo, Horizonte, Brazil

Richard P. Chaffin, Forest, Virginia, USA

Bill Crawford, Encinitas, California, USA

Clifford (Cliff) S.A. Heywood, North Shore City, New Zealand

Jan A. Holtet, Rasta, Norway

Dr. Mikio Ishibashi, Otaru, Japan

Somsakdi Lovisuth, Bangkok, Thailand

Sergio Maggi, Bari, Italy

Samuel A. Milliken

Don Reese, Eunice, New Mexico, USA

G. Durward „Dur“ Roberson

Maynard Rucks, Minnesota, USA

A.P. Singh, Kolkata, India

Kee-Jung Woo, Kyung San, Republic of Korea

Ernest „Ernie“ Young, Jr., Landsing, Kansas, USA

Ritstjórapistill

Áskoranir

Í þessu blaði eru tilkynningar um næstu umdæmis- og fjölumdamisþing og kosningar til embætta. Samkvæmt 34. grein laga Lionshreyfingarinnar er sérhver klúbbur, fullgildur og skuldlaus við Alþjóðasambandið og fjölumdammi 109, skyldugur til þess að senda að minnsta kosti einn fulltrúa á umdæmis- og fjölumdamisþing og tilnefna jafnmarga til vara.

Kjörgengur til embættis umdæmisstjóra skv. 35. grein laganna er varaumdamisstjóri og kjörgengur til embættis varaumdamisstjóra er framhjóðandi tilnefndur af klúbba sínum eða meirihluta klúbba í umdæminu.

Nú verður, samkvæmt því sem fram kemur, kosið til óvenju margra embætta í fjölumdamisráði.

Tillögur sem óskast teknar til meðferðar á umdæmisþingi þarf að póttleggja til viðkomandi umdæmisstjóra eigi síðar en 15. febrúar og þær sem óskast teknar til meðferðar á fjölumdamisþingi þarf að setja í póst til skrifstofu fjölumdamisins í síðasta lagi 15. febrúar.

Athugasemdum hefur oft verið hreyft um það á undanförunum árum hve litil breyting sé frá ári til árs í forustu hreyfingarinnar. Skýring forráðamanna hreyfingarinnar hefur gjarnan verið sú að ekki hafi verið auðvelt að fá félaga til að gefa kost á sér í stjórnunarembætti, en sú skýring hefur oftast en ekki fallið í grýttan farveg.

Samt verður ekki fram hjá því litið að lítið hefur verið um það að klúbbar og einstaka félagar hafi haft frumkvæði að því að koma sér á framfæri og því er það að ég tel að tími sé kominn til að þeir noti tækifærið nú til og kunnjóra áhuga sinn á þátttöku í yfirstjórn hreyfingarinnar.

Skora ég því á stjórnir klúbba og klúbbfélaga að bjóða fram í einhver

Ólafur Briem, ritstjóri

Efnisyfirlit:

Áskoranir og hvatning 2 og 3

Sjónverndarátakið SightFirst 4

Lífsleikni - Tilveran 6

Framboð og fjölumdamisþing 7 og 11

Leiðtogaskólaverkefni 8

Friðarveggsspaldssamkeppnin 9

Klúbbatíðindi 12-15



Brennandi metnaður

Lions dagbókin 2005-2006

25. febrúar 2006	Fjölumdamisráðsfundur í Lionsheimilinu
25. febrúar 2006	Umdæmisstjórnarfundur 109a og 109b
29. apríl 2006	Fjölumdamisráðsfundur í Lionsheimilinu
2.-3. júní 2006	Fjölumdamis og umdæmisþing á Akranesi

Afmæli Lionsklúbba

Lkl. Þór	50 ára	6. janúar 2006
Lkl. Hólmavíkur	45 ára	21. febrúar 2006
Lkl. Kaldá	20 ára	25. febrúar 2006
Lkl. Akureyrar	50 ára	10. mars 2006
Lkl. Keflavíkur	50 ára	7. apríl 2006
Lkl. Hafnarfjarðar	50 ára	14. apríl 2006
Ll. Garður	20 ára	18. apríl 2006
Lkl. Muninn	35 ára	20. apríl 2006
Lkl. Akraness	50 ára	22. apríl 2006
Lkl. Svanur	30 ára	30. apríl 2006
Lkl. Fáskrúðsfjarðar	40 ára	21. júní 2006

Geir Hauksson, fjölumdamistjóri, Lkl. Hafnarfjarðar

Með hækkandi sól

Gleðilegt nýár kærur Lionsfélagar. Margir hafa haft orð á því að þessi jólfélag hafi liðið hratt, eins og jafnan er þegar frídagarnir eru fáir hjá þeim sem eru á vinnu- markaðnum, en ég er þess samt fullviss að við höfum notið jólahátíðarinnar með fjölskyldunni og öðrum vinum og vandamönnum.

Nú fer daginn að lengja aftur og sól að hækka á lofti. Væntanlega fjölga einnig hjá okkur í hreyfingunni með árstíðaskiftunum, en haustmánuðirnir voru því miður nokkuð rýrir með herra brottfalli en fjölgun.

Undirbúningur fyrir næsta fjölumdamisþing er á fullu hjá félögum okkar á Akranesi og vil ég benda á að komin er fréttatilkynning um þingið á vefsíðuna okkar. Á þinginu verður valið í yfirstjórn hreyfingarinnar eins og venja er. Óvenju mörg embætti í fjölumdamisráði eru nú laus vegna þess að kjörtímabil rennur út á þessu ári.

Ég vil eindregið hvetja félagana í framboð því ég veit að mikið er af góðu fólki í klúbbunum og ekki veitir af dugandi fólki í yfirstjórnina.

Bréf þessu viðvikjandi hefur verið sent í alla klúbba og einnig er þetta kynnt annars staðar í blaðinu. Það má gjarnan koma fram að oft er gagnrýnt að alltaf sé sama fólkið í



Geir Hauksson.

“yfirlíðinu” svo nú er tækifæri fyrir fleiri að koma að stýrinu á Lionsfleyinu.

Norðurlandþing Lions - NSR verður haldið 20.-21. janúar í Finnlandi og eru þeir fulltrúar sem héðan fara að undibúa brottför þegar þetta er ritað. Nánari fréttir af NSR-þinginu verða í næsta blaði. Það kemur svo í hlut okkar hér að halda þingið í janúar 2007 og verður næsti fjölumdamisstjóri okkar í forsvari fyrir fjölumdamisstjórum Norðurlanda á næsta Lionsári. Við höfum skipað nefnd vegna þingsins hér og hefur

hún þegar hafið störf, m.a. lokið við dagskrá sem ég mun kynna á fundinum í Finnlandi.

Síðastliðið ár einkenndist af miklum náttúruhamförum af ýmsum toga víða um heim. Alþjóðahjálpar-sjóður Lions safnaði miklu fé til að hjálpa þeim sem um sárt áttu binda. Við lögðum einnig lið með ríflegum fjárframlögum. Sjálfboðaliðar Lionsfólks hafa unnið og eru enn að vinna mikið starf á þessum svæðum því nú er uppbyggingarstarfið framundan. Það er fróðlegt að fylgjast með þessu á alþjóðavefsíðu Lions og vil ég hvetja félagana að heimsækja síðuna, en þar er mikinn fróðleik um Lionshreyfinguna að finna.

Eins og framar getur þá hefur heldur fækkað hjá okkur í hreyfingunni á haustdögum. En hvers vegna er þessi ofuráhersla á fjölgun undanfarin ár, er það eingöngu til að uppfylla þá höfðatölu sem krafist er af umdamunum? Nei, það er ekki eingöngu það að mínu mati, þótt það

vegi vissulega þungt. Ef við litum í kring um okkur þá sjáum við fullt af verkefnum sem hægt er að fást við og einnig eru margir hjálparþurfi. Já, það er af nægu að taka til að leggja lið, en okkur vantar fleiri til þess að taka þátt í sjálfboðaliðastarfi okkar. Þess vegna eigum við stöðugt að leita að góðu fólki til að vera með okkur í þessu gefandi og skemmtilega starfi okkar því við vitum jú að það er gaman að vera í Lions og það er gaman að hitta félagana á klúbbfundum og vinna að verkefnum með þeim.

Sá ánægjulegi atburður er framundan að fjórir Lionsklúbbar ætla að halda sameiginlega upp á 50 ára afmæli sín þann fjórða febrúar n.k. Þetta eru Lkl. Keflavíkur, Lkl. Hafnarfjarðar, Lkl. Akraness og Lkl. Þór. Við ánum þessum klúbbum allra heilla og það verður gaman að taka þátt í hátíðarhöldunum með þeim. Einnig halda fleiri klúbbar upp á afmæli sín á árinu og sendi ég þeim öllum mínar bestu árnaðaróskir.

Guðmundur Rafnar Valtýsson, Lkl. Laugardals, umdamisstjóri 109A

Í upphafi þorra

Nú fer að síga á seinni hluta þessa starfsárs. Enn er þó nokkur tími til að hressa upp á starfið ef við erum ekki ánægð með fyrri hlutann. Af heimsóknum mínum til klúbbanna veit ég að hjá flestum er skipulagning ársins í góðu lagi þó sumir lendi eflaust í því að koma ekki öllu að sem þeir höfðu hugsað sér að gera.

Umfram allt þurfum við að kappkosta að skipuleggja fundina þannig að við hlökkum til að mæta á næsta fund. Það er besta auglýsingin fyrir klúbbinn og eykur möguleika hans á fjölgun félaga ef við erum dugleg að bjóða gestum með okkur á fundina.

Nú um þessar mundir eiga fjórir klúbbar 50 ára afmæli. Það eru Lkl. Hafnarfjarðar, Lkl. Keflavíkur, og Lkl. Þór úr A-umdæmi og Lkl. Akraness úr B-umdæmi. Fyrir 50 árum var mikill uppgangur í Lions-



Guðmundur Rafnar Valtýsson

hreyfingunni og var Lkl. Þór móðurklúbbur hinna þriggja.

Vegna þessara tímamóta halda þeir sameiginlega afmælishátíð laugardaginn 4. febrúar. Óska ég klúbbunum til hamingju með farsælt starf í 50 ár og áfram um ókomin ár. Það er enginn vafi á því að nær allt samfélagið hefur

orðið vart við starf þeirra í mörgum góðum verkum og mun svo vafalítið verða áfram meðan þeir starfa í anda Lionshreyfingarinnar.

Um það leyti sem þessi grein birtist á ég einungis eftir að heimsækja þrjá klúbba í umdaminu og verða þeir heimsóttir um leið og tækifæri gefst. Það hefur verið fróðlegt að koma á klúbbfundi og fylgjast með öflugum starfi þeirra.

Við erum hluti af alþjóðahreyfingu og umdamisstjórar og svæðisstjórar eiga að koma boðskap hennar til klúbbanna.

Dr. Clement F. Kusiak, stjórnarformaður LCIF Kraftaverk þess að leggja lið

Forréttindi þess að vera alþjóðaforsæti og síðan stjórnarformaður LCIF er m.a. að verða frá fyrstu hendi vitni að því hvernig það umbreytir lífi einstaklingsins að “leggja lið”.

Lionsfélagar gera þeim mögulegt sem misst hafa sjón og heyryn að fá hana aftur og gera fötludum mögulegt að starfa á ný. Ef Melvin Jones gæti séð fjölbreytni verkefna Lionsfélaga í dag hefði hann skýringuna á reidum höndum. “Það er kraftaverk” eða orð í þá veru.

En í raun er það ekki kraftaverk. Það byggist á því að Lionsfélagar leggja saman sitt af mörkum til að koma góðum málum á framfæri. Það tekur tíma, kostar sitt og þarfnast heilmikils stuðnings. Ég vil þakka



Clement F. Kusiak

öllum Lionsfélögum sem stutt hafa LCIF fjárhagslega eða lagt hjálparsjóðnum lið með einum eða öðrum hætti. Það er ekki auðvelt að kafa í vasana eftir framlagi þegar nauðsyn krefst þess að eitthvað sé til fyrir matarreikningnum, en þetta gera Lionsfélagar og árangurinn er undraverður.

Á ferðalögum verður maður hins vegar þess áskynja hve þörfin er brýn. Víða er fólk án heilsugæslu og skóla og umhyggju skortir fyrir þá sjúku. Við Lionsfélagar og aðrir góðviljaðir gera hvað þeir geta. Winston Churchill sagði einu sinni “Við lifum á því sem við vinnum okkur inn en við gerum líf okkar einhvers virði með því sem við gefum”. Ég hvet Lionsfélaga og klúbba til að halda áfram stuðningi sínum við LCIF.



Kristinn Hannesson, Lkl. Mosfellsbæjar, verkefnastjóri SightFirst II, fjallar um sjónverndaráttak Alþjóðasambands Lionsklúbba.

Sjónverndaráttakið SightFirst II 2005 - 2008

Þrjár megináherslur

Að „hjálpa“ öllum þeim sem eru blindir að óþörfu er háleitt markmið og engan veginn óvinnandi. Við vitum að 80% af blindu er hægt að fyrirbyggja. Lionshreyfingin nálgast það verkefni með alþjóðlega sjónverndaráttakinu SightFirst II. Í þessu nýja stóráttaki hreyfingarinnar verða þrjár megináherslur.

1. Forvarnir. Hvað er hægt að gera?

- **Ský á auga**, orsakar um það bil helming allrar blindu í heiminum. Á þeim svæðum í heiminum sem þessi sjúkdómur er algengastur kostar lækningin að meðaltali 640 kr. Stefnt verður að tveim meginatriðum.

a) Að minnsta kosti 2 milljónir manna á ákveðnum svæðum í heiminum fá aðgerð við ský á auga og fjölgað verði aðgerðum á þeim stöðum sem þegar er verið að vinna á.

b) Aukinn verði fjöldi þeirra sem fá menntun á þeim sjónverndarfræðslustöðvum sem stofnaðar voru eftir fyrra SightFirst áttakið.

- **Árblinda (River Blindness)** er mjög algeng í Afríku og rómönsku Ameríku. Til að koma í veg fyrir að fólk fái árblindu þarf ekki annað en að útvega því hreint vatn til að þvo sér. Hægt er að lækna þá sem nú þegar eru blindir af völdum árblindu með lyfjagjöf. Markmiðið er að fyrir árið 2010 hafi 12 - 15 milljónir fengið slíka meðferð.

- **Sýking í hornhimnu** er meðal þeirra augnsjúkdóma sem auðveldast er að lækna. Nú er aðal-

lega unnið á þessu sviði í 5 löndum. Stefnt verður að þrem meginatriðum.

- Fyrir árið 2010 verði unnið í þeim 15 löndum þar sem þörfin er mest og að 30 - 40 milljónir fá meðferð við sýkingu í hornhimnu.
- Unnið verði skipulega í samvinnu við heilbrigðismálaráðuneyti og aðrar hjálparstofnanir í viðkomandi löndum þannig að sjúkdómnum verði útrýmt fyrir árið 2020.
- Kannað verði í hvaða öðrum löndum vandamálið er til staðar og samskonar aðferðum beitt þar.

2. Barátta gegn nýjum aðsteðjandi blinduhættum.

- **Ungbarnablinda**, er orðið alvarlegt vandamál og á hverju ári verður hálf milljón barn blind, **eitt barn á hverri mínútu**. Ástæðan er í flestum tilfellum skortur á viðunandi heilbrigðisþjónustu. Sem betur fer má koma í veg fyrir helminginn af þessari ungbarnablindu. Stefnt verður að þrem meginatriðum.

- Komið verði á fót 20 nýjum fullkomnum Lions-augnsjúkrahúsum og aukin starfsemi þeirra 30 sem fyrir eru.
- Útveguð verði sérhæfð kennsl fyrir heilbrigðisstarfsfólk í þeim hlutum heimsins sem ungbarnablinda er algengust.
- Efld grunnheilsugæsla í vanþróuðum löndum þar sem börn eru blind af orsökum sem má fyrirbyggja.
- Sjónskekkja** er alvarleg hjá börnum í sumum hlutum heimsins og leiðir mjög oft til blindu. 6 milljónir eru taldar blindar af þessum

ástæðum. Stefnt verður að þrem meginatriðum.

- Að koma á fót allt að 100 gleraugnamiðstöðum og eflar sjónmælingar á þeim svæðum sem mest þurfa á að halda.
- Þjálfun nokkur þúsund sjóntækna á næstu árum.
- Elfing samstarfs við gleraugnaframleiðendur í þeim tilgang að lækka gleraugnaverð til þeirra sem mest þurfa á þeim að halda.

- **Sykursýki** verður æ algengari og helst í hendur við hækkandi meðalaldur jarðarbúa. 70% sykursjúkra fá skerta sjón. Sé sjúkdómurinn greindur nógu snemma má draga verulega úr þessu.

- **Gláka** er einnig vaxandi vandamál. Þriðjungur sykursjúkra og helmingur glákusjúklinga vita ekki af aðsteðjandi hættu.

- Komið verði á fót rannsóknar- og meðferðarverkefnum þar sem þörfin er brýnust.
- Sérhæfð kennsla verði útveguð heilbrigðisstarfsfólki í vanþróuðum löndunum og augnsjúkrahúsum verði útvegað það sem á vantar til að bæta aðgerðar- og meðferðarúræði.
- Aukin verði þjónusta þeirra 550 augnsjúkrahúsa sem SightFirst hefur styrkt og aukið við þau SightFirst verkefni sem fyrir eru á þessu sviði.

3. „Sjón“ fyrir alla. Er hægt að standa við þessa fullyrðingu? Stefnt verður að tveim meginatriðum:

- **Endurhæfingar- og fræðslu-**

stöðvar fyrir blindu og sjónskerta.

- Komið verði á fót verkefni sem kenni þúsundum fjölskyldna með blind eða sjónskert börn nauðsyn þess að miklu máli skipti að byrja snemma að kenna börnunum að lifa með vandamálinu.
- Stutt verði við bakið á fræðslustofnunum á 20 svæðum í vanþróuðu löndunum svo hægt sé að útþúa viðunandi kennsluefni fyrir sjónskert börn.

- **Rannsóknarstöðvar.**

- Studdar verði sérstakar grunnrannsóknir á þeim Lions-augnstöðvum sem þegar eru starfræktar.
- Veitt verði sérstök hvatningarverðlaun þeim sem ná umtalsverðum rannsóknarárangri.
- Efld verði samvinna milli þeirra Lions-augnstöðva sem þegar eru starfræktar.

- **Þeir sem minna mega sín.**

Viða í heiminum þar sem heilbrigðismál eru talin í góðu lagi er margt fólk sem er útundan og stendur berskjaldaðra fyrir sjúkdómum. Þetta á sérstaklega við um konur, börn og gamalmenni.

- Lionsklúbbum verði hjálpað til að ná til þess fólks sem er í mestri þörf fyrir meðferð við augnsjúkdómum.
- Augnskurðstofum á hjólum verður fjölgað.

Af þessu má sjá að Lionsfélagar eru ekki að ráðast á garðinn þar sem hann er lægstur. En við erum mörg og þegar við tökum okkur virkilega á getum við lyft Grettistaki.



SightFirst II og Melvin Jones viðurkenning

Með 1.000 dollara framlagi í alþjóðahjálparsjóð hreyfingarinnar (LCIF) má veita Melvin Jones viðurkenningu. Það að gera einhvern að Melvin Jones félagi er æðsta viðurkenning innan Lionshreyfingarinnar sem klúbbar geta notað til að heiðra félagi sína eða einhverja aðra.

Það eru þó ekki eingöngu klúbbar sem geta notað þessa viðurkenningu.

Lionsfélagar, almenningur, fyrirtæki eða stofnanir geta einnig notfært sér þessa viðurkenningu vilji þeir heiðra einhvern fyrir gott starf. Það er ekki heldur skilyrði að sá sem viðurkenninguna fær sé Lionsfélagi. Hr. Ólafur Ragnar Grímsson, frú Vigdís Finnbogadóttir og Björk Guðmundsdóttir eru öll Melvin Jones félagar. Klúbbar geta veitt einhverjum sem skarað hefur fram úr í byggðarlaginu Melvin Jones viðurkenningu. Dæmi er um að Lionsfélagi hafi veitt eiginkonu sinni Melvin Jones viðurkenningu fyrir frábært framlag til Lionshreyfingarinnar.

Nú, þegar varla er hægt að reikna með að dollarinn verði mikið lægri, vil ég hvetja klúbba til að skoða sérstaklega hvort ekki eru einhverjir innan klúbbsins eða utan sem unnið hafa til þess að verða Melvin Jones félagar.

Að sjálfsgöðu hvet ég einnig alla sem leggja eitthvað til al-

þjóðahjálparsjóðsins að merkja framlagið sérstaklega til sjónverndarátaksins SightFirst II.

Rétt er að minna á að greiðslu fyrir tilnefninguna má skipta að minnsta kosti í tvennt. Viðurkenningin er þó aldrei afgreidd fyrr en fullnaðargreiðsla hefur borist.



SightFirst II - Nýtt fólk til starfa

Formanni sjónverndarátaksins, fyrrverandi alþjóðaforseta, Tae-Sup

Leehafa borist tillögur um þá tvo fulltrúa sem lýst hafa yfir vilja til að takast á við verkefnið á umdæmisgrundvelli.

Fyrrverandi umdæmisstjóri, Kristinn Kristjánsson, fv. umdæmisstjóri, Lkl. Hveragerðis, mun leiða verkefnið í umdæmi 109A og fv. svæðisstjóri, Erla Hallgrímsdóttir, Lkl. Ösp Akureyri, mun leiða verkefnið í umdæmi 109B.

Bæði Kristinn og Erla hafa hlotið viðurkenningu alþjóðaforseta fyrir framúrskarandi dugnað í Lionsstarfinu. Við bjóðum þau bæði velkomin til starfa.

Haldið verður áfram að fjalla um sjónverndarátakið í næstu Lionsblöðum.

Dr. Ashok Mehta, alþjóðaforseti Lionshreyfingarinnar.

Löngun til að hefja verkefni til vegs

Ef klúbbarnir okkar eiga að gera sér von um stuðning almennings verða þeir að sinna verkefnum sínum og safna fé með hámarks árangri. Þeir verða að hafa löngun til að hefja verkefni til vegs. Þetta kallar á traust samband við fjölmiðla til að koma á framfæri upplýsingum um þjónustu klúbbanna og framtíðaráætlanir þeirra. Upplýsingar um hvað eina sem klúbburinn tekur sér fyrir hendur er undirstaðan um hversu langt hann kemst í því að styrkja einkunnarorð hreyfingarinnar 2005-2006 um brennandi metnað.

Lætur klúbburinn þinn í té augnskoðun án endurgjalds og gleraugu, sé þeirra þörf, þeim sem á þurfa að halda? Styður hann skóla til þátttöku í Friðarveggsþjaldsamkeppninni eða heilsufarsskoðun almennings? Ef klúbburinn gerir það eða tekur þátt í öðrum samfélagsverkefnum þyrfti að segja fjölmiðlum frá því. Er einhver félaginn góður ljósmyndari? Góðar myndir auka líkurnar á birtingu greina. Enn áhrifaríkari leið til að koma upplýsingum um verkefni klúbbsins á framfæri er að bjóða fjöl-



Dr. Ashok Mehta.

miðlafólki á uppákomur ykkar. Þá þurfa vel undirbúnað upplýsingar að vera fyrir hendi sem ekki aðeins ná til þess verkefnis sem unnið er að, heldur einnig til sögu klúbbsins og upplýsingar um markmið alþjóðasamtakanna og starf þeirra þetta starfsár.

Almenningi verður að skiljast löngun okkar til að leggja samfélaginu lið þegar þörf er á. Þetta sýndi sig í stuðningi við Lions eftir hamfarirnar í Suður Asíu og Bandaríkjunum. Ef við eigum að standa við hugmyndafræði þess "að leggja lið" þá verðum við að koma sögu okkar á framfæri. Þetta er ekki mont, ekki heldur sjálfshól, það er einfaldlega til að tryggja að allir viti hvaða árangri við höfum náð og vilji þar af leiðandi styðja starf okkar og fjáröflunarverkefni. Að hefja verkefni til vegs er ekki til að uppskera vegsemdir en miklu fremur til að hvetja okkur til að gefa enn meira af tíma okkar og orku til að sinna þörfum samfélagsins.

Þótt það sé mikils virði að íbúar í næsta nágrenni klúbbsins þekki störf hans í þágu þeirra þá er jafn nauðsynlegt að þeir virði að við erum alþjóðlegur félagsskapur og að Lionsklúbbar láta árlega af hendi rakna yfir 741 milljón dollara til góðgerðarverkefna og yfir 70 milljónir vinnustunda í sjálfböðavinnu í heimabyggð. Hversu oft hefur þú ekki heyrt að Lionsklúbburinn sé best falda leyndarmál bæjarins. Þessu

þarf að snúa við og ég get fullvissað ykkur um að það er engin betri leið til að bæta ímynd okkar og auka vitneskju almennings um árangur okkar og markmið en gegnum dagblöð, sjónvarp, útvarp og jafnvel auglýsingar sem greitt er fyrir. Það er aðeins ein leið til að skýra þessa ímynd og það er með því að Lionsfélagarnir sjálfir taki á sig þá ábyrgð að breiða út boðskapinn um árangur sinn og brennandi metnað í öllum sínum störfum.

Ég legg líka áherslu á að Lionsfélagar notfæri sér nútíma tækni við að koma upplýsingum um starf sitt á framfæri. Sérstaklega á ég hér við internetið því að fjöldi fólks sem fær fréttir úr þessum fjölmiðli fer vaxandi með ári hverju. Lionsfélagar verða að kynna sér og notfæra sér netið. Hefur klúbbur þinn eða umdæmi heimasíðu?

Ágætu Lionsfélagar. Löngunin til að hefja verkefni til vegs verður að hafa forgang. Það er stöðug ögrun sem spilar úrslitahlutverk í árangri sem þið munuð ná í því að styrkja aðahlutverk ykkar á sjálfböðaliðs-sviði samfélagsins.

Pórunn Gestsdóttir, Lions-Queststjóri, skrifar um Tilveruna Lions-Quest

Áherslur okkar til daglegra athafna í lífinu eru fjölbreyttar. Eitthvert afl stýrir okkur til að njóta eða örvænta, læra eða hyskjast. Eðlið og uppleið hafa stýriáhrif til athafna og eða silagangs eftir lífsbrautinni.

Við veljum og höfnum.

Innan Lionshreyfingarinnar höfum við félagarnir tekið afstöðu og lagt lið um milljónum borgara - heima og að heiman. Okkur er sérstaklega umhugað um velferð barna, unglunga og eldri borgara. Við komum víða að málum innan heilbrigðisþjónustunnar, höfum m.a. lagt fé til heilbrigðisverkfna um víða veröld.

Vímulaus æska

Lions-Quest er eitt verkefna Lionshreyfingarinnar en á alþjóðáþingi Lions 1984 var það verkefni samþykkt og jafnframt að það skyldi setja í forgang. Árið 1985 á Lionsþingi á Egilsstöðum var samþykkt að



Pórunn Gestsdóttir.

hreyfingin hér á Íslandi sinnti Lions-Quest. Strax þegar „verkefnið“ var kynnt hér á Íslandi undir kjörorðinu „Vímulaus æska“ má segja að fræðslu- og kynningarefnið hafi fest rætur. „Vímuvarnardagur“ var haldinn fyrst 3. maí 1986 undir kjörorðinu „Vímulaus æska“.

Fleiri verkefni af samtoga og undir sama hattinum eru m.a. „Byrgjum brunninn“ og kennsluefnið – Tilveran eða Að ná tökum á tilverunni – sem öllum innan Lions er líklega kunnugt um. Lífsleikni er fag á aðalnámskrá grunnskólanna og kennt í flestum grunnskólum landsins.

Lions-Quest námsefnið (Lífsleikni) er þróað námsefni fyrir börn og unglunga og samningar voru á sínum tíma gerðir á milli Lionshreyfingarinnar á Íslandi, menntamálaráðuneytisins og samtakanna Vímulaus æska.

Lions er eigandi Lions-Quest stofn-

unarinnar sem annast útgáfu náms-efnisins. Þá skal þess getið að Lionshreyfingin á Íslandi hefur fengið styrki úr LCIF sjóðnum til að þýða hluta af námsefninu.

Mælikvarðinn

Það er erfitt að setja einhvern mælikvarða á árangur þar sem matið er oftast huglægt. Fyrir liggur að viðbrögð nemenda og kennara hafa yfirleitt verið mjög jákvæð þau tuttugu ár sem námsefnið hefur verið notað hér á landi.

Stundum er hægt að benda á áþreifanlegan árangur og reynslu af Lions-Quest námsefninu og má þar vitna í nýlegan atburð í Westside framhaldsskólanum í Memphis, Tennessee. Hópur drengja réðst að einum fimmtán ára gömlum nemanda skólans með þeim afleiðingum að drengurinn lést. Andrúmsloftið í skólanum eftir þennan skelfilega atburð var erfitt og mjög neikvætt.

Nokkrir nemendur er höfðu verið í Lions-Quest námi lögðu til við skólafyrirvöld að þau beittu því námsefni

til að vinna að breyttum viðhorfum og hegðun innan skólans. Talsmaður skólans fullyrðir að Lions-Quest námsefnið hafi verið lykilþátturinn í uppbyggingu og endurbótum á vinnubrögðum og hugarfari eftir þennan hörmulega atburð.

Lions-Quest hugmyndasmíðin um lífsleikni og lífsviðhorf er ekki eingöngu fyrir ungt fólk.

Eftirfarandi orð m.a. um lífsleikni sem fengin eru á vefsvæði Lions-Quest - er speki sem gott er að hafa í sinni og eigin malpoka.

Sú tilfinning að maður sé einhvers virði blómstrar í andrúmslofti þar sem

- fólk kann að meta það að einstaklingar eru ólíkir,
- vináttu er hægt að sýna á opin hátt,
- mistök eru notuð til að læra af þeim,
- tjáskipti eru opin,
- reglur eru sveigjanlegar
- og ábyrgð og heiðarleiki ríkir í samskiptum.

Nýliðanámskeið 16. febrúar 2006

HVAÐ ER LIONS? „Lionsfjölskyldan“

Kennari: Kristinn Hannesson, Lkl. Mosfellsbæjar
Tími: Fimmtudagur 16. febr. 2006 kl. 20:00-22:00.
Staður: Lionsheimilið, Sóltúni 20, Reykjavík.

Námskeið fyrir

- nýja, nýlega eða væntanlega félaga ásamt meðmælenda eða öðrum klúbbfélaga,
- félaga sem vilja rifja upp, halda sér ferskum og fylgjast með því sem er að gerast í Lions,
- félaganefndir og aðra Lionsfélaga sem vilja geta gefið upplýsingar um hreyfinguna og sett nýja félaga inn í hlutina,
- maka og fjölskyldur félaganna, sem vilja kynnast hreyfingunni og hvað hún hefur upp á að bjóða.

Efni:

Fræðsla um sögu, uppbyggingu, markmið og verkefni Lions, sem er stærsta þjónustuhreyfing í heimi. Hvernig vinnum við með ungu fólk á Íslandi? Hvað getur Lionshreyfingin gert fyrir þig og þína fjölskyldu?

ALLIR VELKOMNIR

Vinsamlegast tilkynnið þátttöku

á Lionsskrifstofu s. 561-3122, fax 561-5122,
Netfang: lions@lions.is

EDA

til fræðslustjóra Hrund Hjaltadóttir
Sími: 566-7686 Netfang: hrundh@itn.is



Fjölumdamis- og umdamisþing 2006

Framboð til embætta

Vegna fjölumdamis- og umdamisþinga sem haldin verða á **Akranesi, dagana 2.-3. júní 2006** hefur fjölumdamisstjóri sent formönnum allra Lionsklúbba bréf þar sem fjallað er um þær starfsreglur og lög sem gilda varðandi þinghald og tillögur sem fram verða bornar.

Frestur til að skila inn tillögum um breytingar á lögum og um mál sem leggja á fyrir þingin er, samkvæmt 27 gr. laga fjölumdamis 109, sem hér segir:

Mál og/eða tillögur sem klúbbur og/eða klúbbar óska að séu rædd á umdamisþingi/fjölumdamisþingi, skulu pósthleggjast til umdamisstjóra/formanns fjölumdamisráðs eigi síðar en 45 dögum fyrir umdamis/fjölumdamisþing.

Fjölumdamisráð/umdamisstjórn

ir fjalla um slíkar tillögur og gefa þeim álit.

Tillögur um framboð til embætis varaumdamisstjóra fyrir starfsárið 2006-2007 skal senda kjörnefndum fyrir **15. febrúar 2006**.

Kjörgengur til embætis varaumdamisstjóra er framboðandi, sem uppfyllir neðangreind skilyrði:

Hann/hún skal vera:

- Starfandi Lionsfélagi og hafa staðið í skilum við klúbb sinn, enda sé klúbburinn einnig skuldlaus við Alþjóðasambandið og fjölumdamis 109.
- Hafa lokið eða sé að ljúka embætti sem formaður Lionsklúbbs.
- Hafa lokið eða sé að ljúka embætti í umdamisstjórn.

Ekki má gegna ofangreindum embættum (b og c) samtímis.

Tillögur um framboð til embætis fjölumdamisstjóra fyrir starfsárið 2006-2007 skal senda fjölumdamisritara fyrir **15. febrúar 2006**.

Þeir einir eru kjörgengir til embætis fjölumdamisstjóra sem hafa verið umdamisstjórar.

Um eftirtalin embætti skal kosið á næsta fjölumdamisþingi og skal framboðum skilað til fjölumdamisritara fyrir **15. febrúar 2006**:

- Alþjóðasamskiptastjóra (MDIRC) til tveggja ára
- Kynningarstjóra (MDPRC) til tveggja ára.
- Fræðslustjóra (MDLDC) til þriggja ára.
- Félagastjóra (MDMC) til þriggja ára.

Útbreiðslustjóra (MDEC) til þriggja ára.

Félaganefndarstjóra (MDRC) til þriggja ára.

Embætti sem þarf að kjósa um á fjölumdamisþinginu en ekki senda inn tillögur um með framangreindum fyrirvara eru:

Fjölumdamisritara til eins árs, fjölumdamisgjaldkera til eins árs og tveggja endurskoðenda til eins árs og tveggja til vara.

Í grein sem fjölumdamisstjóri skrifar á öðrum stað í þessu blaði leggur hann áherslu á að klúbbar taki virkan þátt í stjórnun hreyfingarinnar með því að hvetja félagasína til að gefa kost á sér til embætisstarfa.

Þriðji umdamisstjórinn

Ida Malone

Blaðinu barst til eyrna skömmu eftir heimkomu umdamisstjóra 109A og B af alþjóðþingi að þeir hefðu ekki verið einir Íslendinga í þeirri fjöld umdamisstjóra sem þingið sóttu, því þar hefðu þeir hitt umdamisstjóra frá Washington sem Ida Malone hét. Var að sjálfsgöðu tekin mynd af þeim þremur sem birtist í Lionsblaði 231.

Það var svo nýlega að blaðinu bárust þau tíðindi að Ida væri í heimsókn hér á landi og þótti því við hæfi að ræða við hana um ætt, uppruna og sitthvað fleira svo sem venja er til þegar landar okkar sem búsettir eru erlendis koma í heimsókn.

Varð að ráði að hún kæmi ásamt eigimanni sínum, John Malone í morgunkaffi á Lionsskrifstofuna og spjallaði við ritstjóra.

Úr varð hið ánægjulegasta spjall. Kom meðal annars í ljós að umdamis Ida var ekki í þeirri Washington sem ætla hefði mátt heldur í allt annarri Washington sem er á allt öðrum stað í Bandaríkjunum. Var ekki annað að skilja á Ida að sú Washington væri alvöru Washington en hin væri bara borg sem venjulega gengi undir nafninu D.C. þar vestra. Mér skildist samt á henni að mér væri vorkunn, það væru fleiri sem gerðu sér ekki grein fyrir þessu.

En hvernig stóð svo á því að stúlka



Samverustund með Idu meðan á heimsókn hennar stóð. Á myndinni eru: Valdimar Þorvaldsson, Guðmundur Rafnar Valtýsson, Jörunn Jörundsdóttir, Geir Hauksson, Ida Malone og Oddný E. Valgeirsdóttir.

sem fæddist á Patreksfirði 1949 varð umdamisstjóri í Washington? Ætli rómantikinn hafi ekki komið þar við sögu. Hún fluttist til Bremerton sem er í klukkutíma ferjusiglingu frá Seattle. Í bænum eru 2 klúbbar en íbúafjöldi 37.000. Eftir 5 ára dvöl var henni boðið í annan Lionsklúbbinn, Lkl. Bremerton Central sem stofnaður var 1925, en þar eru fundir haldnir alla miðvikudaga allan ársins hring. Félagarnir eru 87 og mætingin oftast um það bil 65%.

Aðalverkefni klúbbsins er vinna með bæjarfélaginu að ýmsum verk-

efnum, meðal annars með því að halda við Lions-field skemmtigarði og hjólbrettasvæði. Þá tekur klúbburinn þátt í kostnaði við augnskoðun og kaup á gleraugum fyrir þá sem ekki hafa tryggingu fyrir slíku og einnig aðstoðar klúbburinn við kaup á stækkunarskjám fyrir sjónþapa. Aðallega eru það börn og aldraðir sem aðnjótandi eru þessarar þjónustu. Einnig er stuðningur klúbbsins verulegur við þá sem eru með skerta heyrn.

Frá 1990 til 1998 gengdi Ida ýmsum embættum í klúbbum og varð

formaður starfsárið 1998-1999. Hún var svo svæðisstjóri 2000-2001 og er þetta starfsár umdamisstjóri í umdamis 19C. Í umdaminu eru 52 klúbbar með 1700 félögum og hefur Ida lagt metnað sinn í að heimsækja þá alla.

Aðaláhugamál Idu í embætti umdamisstjóra er SightFirst II verkefnið sem hún vinnur að með klúbbum í sínu umdamis.

Það var fróðlegt að ræða við Idu Malone og verða áskynja ósérhlífni hennar í embætti og heyra hversu mikla áherslu hún lagði á heimsóknir í klúbbana sem hún taldi nauðsynlegar til að auka skilning milli klúbbstjórna og félaga annarsvegar og umdamisstjóra hins vegar, auk þess sem þessar heimsóknir í klúbbana væru einstaklega ánægjulegar

Þótt skyldmennunum hafi farið fækkandi á Patreksfirði, þá kemur Ida í heimsókn hingað til lands einu sinni á ári því hún á dóttur, Iris, sem er bóndi og kennari í Flatatungu í Skagafirði þar sem hún býr ásamt eiginmanni sínum Einari og þremur börnum þeirra. Auk þess á Ida stjúpson í Bandaríkjunum.

Áður en við skildum lét Ida mig hafa fréttabréf sem hún gefur út sem umdamisstjóri. Þetta fréttabréf og aðrar upplýsingar um umdamis sem Ida stýrir má sjá á net-slóðinni **md19clions.org**

„Brennandi verkefni í verkefnum”

Verkefni unnið í Leiðtogaskóla Lions okt.- nóv. 2005

Verkefnið unnu:

Ívar Þórarinnsson,	Lkl Hafnarfjarðar
Jakob Kristjánsson,	Lkl Hafnarfjarðar
Þórarinn Gunnarsson,	Lkl Ásbirni
Ólafur S. Vilhjálmsson,	Lkl Ásbirni

Sjónverndarverkefnið SightFirst II

Á þingi Lionsmanna árið 1925 hvatti Helen Keller Lionsmenn til að vera riddarar hinna blindu í krossför gegn myrkri.

Markmið:

Á alþjóðþingi í Hong Kong var sett markmið að safna 150 miljónum dollara og minnka verulega blindu sem hægt er að fyrirbyggja eða lækna.

Þrjú megin markmið.

- 1 Ná tökum á og koma í veg fyrir aðalástæðu óþarfa blindu.
- 2 Berjast gegn nýjum ástæðum blindu og sjónvandamála.
- 3 Sjón fyrir alla.

Fjáröflunarleiðir:

Það er talað um að safna að minnsta kosti 200 dollurum á hvern Lionsfélag. Það gerir hér á Íslandi, miðað við um það bil 2200 félag, kr. 27 milljónir.

Landssöfnun sem stæði í viku. Hefðbundin söfnun allra Lionsklúbba á landinu og þeim gert ljóst að allir Lionsklúbbar verði með á sinn hátt.

Hér er listi yfir ýmsar hugmyndir sem þeir geta nýtt sér eftir aðstæðum.

- Í sjónvarpi og útvarpi með hefðbundinni skemmtidagskrá þar sem tekið er á móti framlögum í síma.
Þessi aðferð gefur langmest, ef það er möguleiki að koma henni á og verði sem endahnykkur á söfnuninni.
- Sameiginlegt kynningarrit um Lionshreyfinguna og verkefnið kostað af auglýsendum.

Alþjóðasamtök Lionsklúbba

Lionshreyfingin starfar í 197 löndum

Fjöldi Lionsklúbba er 46.000

Fjöldi félaga er 1.4 milljónir

Ísland

Á Íslandi er fjölmudæmi 109

Fjölmudæmið skiptist í umdæmi 109A og 109B

Í umdæmi A eru 43 Lionsklúbbar og
1 Lionessklúbbar

Félagar í 109A eru samtals 1107

Í umdæmi B eru 45 Lionsklúbbar

Félagar í 109B eru samtals 1173

- Landshappadrætti með veglegum vinningum. Miðar sendir í hús ásamt giró eða greiðsluseðli.
- Hljómleikar og eða skemmtanir út um allt land í umsjá Lionsklúbba á hverju svæði fyrir sig.
- Útbúa merki sem tengist áttakinu og verði sett á ýmsa muni og fót. Verði seld sem tákni á skemmtunum.
- Getraunaleikar í útvarpi, með gjaldi fyrir innhringingar.
- Söfnunarkassar fyrir mynt og seðla sem verði staðsettir víða, merktir Lions. Geta notast áfram, t.d. á flugstöðvum, í móttöku á hótelum, á bensinstöðvum, í verslunum og öðrum vel völdum stöðum.
- Útbúa miða sem eru með innhringingarnúmeri með sjálfvirkri færslu á símareikningi.
- Fá verslanir til að auglýsa sig sem styrktaraðila að söfnuninni og gefa hluta af vörusölu til söfnunarinnar. Jafnvel pokasjóðinn í ákveðinn tíma.
- Ennfremur er hugmynd um að Alþjóðahreyfingin stofni annan sjóð vegna sölu á nýju merki sem Lionsklúbbar um allan heim geti keypt. Þetta verði sjóður uppbyggður eins og Melvin Jones sjóðurinn en framlag fyrir hvern Lionsfélag eða meðlim verði aðeins 200 dollarar. Þarna er möguleiki fyrir marga smærri Lionsklúbba til að koma viðurkenningum til fleiri félaga og jafnvel aðra klúbba til að nálgast nýtt merki fyrir félag sem eru þegar orðnir Melvin Jones félagar.
Viðurkenningarskjal verði í samræmi við upphæðina, t.d. áritað A4 skjal.
Þarna sjáum við möguleika á að hugmynd Alþjóðarforseta um 200 dollara framlag allra Lionsfélaga verði að veruleika.



Alþjóðahreyfingin stofni sjóð sem verði uppbyggður eins og Melvin Jones sjóðurinn. Fjár verði aflað með sölu þessa merkis til Lionsklúbba um allan heim, en framlag fyrir hvert merki verði aðeins 200 dollarar.

Nicole Brown skrifar frá alþjóðaskrifstofu

Samkeppnin „fagnar friði“

Rúmlega þrjár milljónir barna á aldrinum 11-13 ára taka þátt í friðarveggspjaldssamkeppni alþjóðahreyfingarinnar. Samkeppnin skapar börnum og fullorðnum grundvöll til umræðna um þýðingu friðar en sýnir um leið, á list-

rænan hátt, hugmyndir um hvernig má ná þessu takmarki. Samkeppnin hefur nú farið fram í 18 ár og stækkar með hverju ári, en hún hefur verið haldin í 75 löndum.

Einkunnarorð samkeppninnar starfsárið 2006-2007 er “Fögnum friði”. Lionsklúbbar geta keypt gögn frá alþjóðaskrifstofunni til að verða ábyrgðaraðilar keppninnar. Klúbbar geta ábyrgst marga keppendur en gögn verður að kaupa fyrir sérhvern keppanda sem klúbburinn ábyrgist. Í gögnum eru upplýsingar um tímamörk, reglur og skilmála og þau eru til sölu nú og fram til 1. október 2006 hjá Club Supplies Sales. Samkeppnin hefur verið haldin með góðum árangri í skólum, skátafélögum, KFUM og K og öðrum æskulýðssamtökum. Börnin verða að vera 11,12 eða 13 ára til að geta tekið þátt.

Verkin eru dæmd út frá þremur aðal mælikvörðum, þ.e. frumleik, listrænu gildi, og túlkun einkunnarorða ársins. Veggspjöldin eru metin í klúbbi, umdæmi, fjöllumdæmi og síðan hjá alþjóðastjórn. Fyrri vinningshafar eru víðsvegar að úr heiminum og margir frá svæðum þar sem börn vita ekkert um frið. Sigurvegarar hafa verið frá Guadeloupe, Hong Kong, Indonesíu, Ítalíu, Japan, Lebanon, Martinique, Peru, Filippseyjum, Suður Afríku, Tyrklandi og Bandaríkjunum.

Friðarveggspjöld sem unnið hafa til verðlauna má sjá á heimasíðu alþjóðasamtakanna, www.lionsclubs.org. Smellið síðan á **“Youth Programs”** og **“Peace Poster”**.

Stundatafla 2006-2007

- | | |
|--------------------------|--|
| 15. janúar 2006 | Gögn komin í sölu á alþjóðaskrifstofu |
| 1. október 2006 | Síðasti sölundagur gagna á alþjóðaskrifstofu |
| 15. nóvember 2006 | Síðasti skiladagur fyrir klúbb að senda friðarveggspjald til umdæmisstjóra |
| 1. desember 2006 | Síðasti skiladagur fyrir umdæmi að senda friðarveggspjald til fjöllumdæmisstjóra |
| 15. desember 2006 | Síðasti skiladagur fyrir fjöllumdæmisstjóra að senda friðarveggspjald til alþjóðaskrifstofu. |
| 1. febrúar 2006 | Sigurvegurum tilkynnt um sigurinn |

Friðarveggspjaldssamkeppnin



skoðuð voru 111 veggspjöld sem lentu í forvali af þeim 350.000 sem send voru í keppnina. Nefndin valdi aðalvinning og 23 aukavinninga ársins. Aðalvinninginn hlaut 13 ára drengur frá Brazílíu, Cleverson da Silva Rosa. Cleverson ásamt tveim úr fjölskyldunni og formanni Lkl. Cidade Gaucha verður flogið til New York í mars til þátttöku í athöfn sem fram fer á Lionsdeginum hjá Sameinuðu þjóðunum.

Þeir sem aukavinninga fengu eru frá Arkansas, Kaliforníu, New York, Virginíu, Puerto Rico, Brazílíu, Columbíu, Equador, Hong Kong, Indlandi, Indonesíu, Ítalíu, Japan (5 vinningshafar), Kenya, Líbanon, Suður Afríku, Taiwan, Thailand og Tyrklandi.

Verðlaunafriðarveggspjaldið prýðir forsiður þessa blaðs.

Miðvikudaginn 11. janúar var dæmt í friðarveggspjaldssamkeppninni, en í dómnefnd voru 35 félagar úr lista-, mennta-, fjölmiðla-, friðar- og æskulýðsgeiranum.

Athöfnin fór fram í the Garfield Park Gold Dome í Chicago þar sem

SKONDIÐ • SKONDIÐ • SKONDIÐ • SKONDIÐ

Smalinn og millinn

Það var haust og smalar á ferð af fjalli með hjörð sína þegar í gegn um rykmökkinn birtist sá flottasti sportjeppi sem smalarnir höfðu augum litið.

Bilstjórinn, ungur maður í flottum fötum og merkjaskóm með fokdýr gleraugu, rúllar niður rúðunni og spyr einn smalanna:

„Ef ég segi þér nákvæmlega hvað fjárhópurinn er stór, viltu þá gefa mér eitt lamb?“

Smalinn horfir á manninn, lítur svo salla rólegur yfir fjárhópinn og svarar í rólegheitum:

„Já, já, því ekki það.“

Ungi maðurinn parkerar jeppanum út í vegkanntinn, kippir upp tölvu og setur hana í samband við farsíma. Fer síðan á heimasíðu NASA og þar inn á hnattkönnunarsíðu þar sem hann skannar umhverfið og opnar tölvuvinnslu með flóknum formúlum. Síðan sendir hann tölvupóst á Blackberry tölvunni sinni og fær svar innan nokkurra mínútna. Síðan prentar hann út 150 síðna skýrslu á háhraða smáprentaranum sínum og snýr sér síðan að smalanum og segir:

„Hópurinn telur nákvæmlega 1.180 lömb.“

„Hárrrétt“ segir smalinn.dolfallinn. “Þú mátt taka eitt af lömbunum.“

Smalinn fylgist nú með þegar ungi maðurinn velur sér eitt af lömbunum og skutlar því upp í jeppann. Það var þá sem smalinn ræskti sig og segir:

„Hm, ungi maður, ef ég get sagt þér nákvæmlega hvað þú starfar, ertu þá ekki til í að láta mig fá lambið til baka?“

„Jú jú, ég er alveg til í það“ segir ungi maðurinn kurteislega.

„Þú ert greinilega ráðgjafi“ segir smalinn.

„Alveg hárrétt“, svaraði ungi maðurinn undrandi “en hvernig fórstu að því að geta þér þess til?“

„Ég þurfti ekkert að geta mér þess til. Þú birtist hérna, án þess að nokkur bæði þig um það. Vildir fá greitt fyrir svar sem ég þegar vissi við spurninguna sem ég ekki spurði. Þú veist ekki nokkurn skapaðan hlut um minn business og nú máttu láta mig fá hundinn minn aftur.“

UMDÆMISSTJÓRN 109A 2005-2006

Umdæmisstjóri	Guðmundur Rafnar Valtýsson, Lkl. Laugardals
Varaumdæmisstjóri	Björgúlfur Þorsteinsson, Lkl. Hafnarfjarðar
Umdæmisritari	Kristín Þorfinnsdóttir, Lkl. Emblu
Umdæmisgjaldkeri	Guðmundur Oddgeirsson, Lkl. Þorlákshafnar
Svæðisstjóri á svæði 1	Sigurður Þorgeirsson, Lkl. Seyðisfjarðar
Svæðisstjóri á svæði 2	Sigurður Þorgeirsson, Lkl. Seyðisfjarðar
Svæðisstjóri á svæði 3	Þorsteinn Matthías Kristinsson, Lkl. Fylki
Svæðisstjóri á svæði 4	Guðmunda Auðunsdóttir, Lkl. Emblu
Svæðisstjóri á svæði 5	Anna Hulda Friðriksdóttir, Lkl. Æsu
Svæðisstjóri á svæði 6	Lilja Hallgrímsdóttir, Lkl. Eik
Svæðisstjóri á svæði 7	Egill Skúli Ingibergsson, Lkl. Fjölmi
Svæðisstjóri á svæði 8	Pétur Sveinsson, Lkl. Kópavogs
Alþjóðasamskiptafulltrúi	Halldór Kristjánsson, Lkl. Ásbirni
Félaga og Mission 30-fulltrúi	Ólafur Á.Halldórsson, Lkl. Hafnarfjarðar
Félaganefndarfulltrúi	Þorsteinn Matthías Kristinsson, Lkl. Fylki
Fræðslufulltrúi	Jóhanna Valdemarsdóttir, Lkl. Kaldá
Lions Questfulltrúi	Jóhanna Valdemarsdóttir, Lkl. Kaldá
Heilbrigðisfulltrúi	Gylfi Haraldsson, Lkl. Geysi
SightFirstfulltrúi	Gylfi Haraldsson, Lkl. Geysi
Kynningarfulltrúi	Ólafur Á.Halldórsson, Lkl. Hafnarfjarðar
Menningarfulltrúi	Guðrún Guðmundsdóttir, Lkl. Æsu
LCIF fulltrúi	Lilja Hallgrímsdóttir, Lkl. Eik
Unglinga og barnafulltrúi	Guðmundur Oddgeirsson, Lkl. Þorlákshafnar
Umhverfisfulltrúi	Gísli Þór Gíslason, Lkl. Hafnarfjarðar

UMDÆMISSTJÓRN 109B 2005-2006

Umdæmisstjóri	Valdimar Þorvaldsson, Lkl. Akraness
Varaumdæmisstjóri	Jón Gröndal, Lkl. Nirði
Umdæmisritari	Benjamín Jósefsson, Lkl. Akraness
Umdæmisgjaldkeri	Jón Gröndal, Lkl. Nirði
Svæðisstjóri á svæði 1	Magnús Jón Árnason, Lkl. Nirði,
Svæðisstjóri á svæði 2	Valdimar Jónsson, Lkl. Tý
Svæðisstjóri á svæði 3	Benjamín Jósefsson, Lkl. Akraness
Svæðisstjóri á svæði 4	Unnur Valdimarsdóttir, Lkl. Hörpu
Svæðisstjóri á svæði 5	Jón F. Einarsson, Lkl. Bolungarvíkur
Svæðisstjóri á svæði 6	Gunnlaugur Tóbiasson, Lkl. Skagafjarðar
Svæðisstjóri á svæði 7	Héðinn Jónasson, Lkl. Akureyrar
Svæðisstjóri á svæði 8	Héðinn Jónasson, Lkl. Akureyrar
Alþjóðasamskiptafulltrúi	Magnús Steingrímsson, Lkl. Vála
Félagafulltrúi	Helgi Sigurbjartsson, Lkl. Fjörgyn
Félaganefndarfulltrúi	Hörður Þór Hjálmarsson, Lkl. Siglufjarðar
Heilbrigðisfulltrúi	Jón Bjarni Þorsteinsson, Lkl. Mosfellsbæjar
SightFirst fulltrúi	Jón Bjarni Þorsteinsson, Lkl. Mosfellsbæjar
Kynningar og útbreiðslufulltrúi	Guðmundur Finnbogason, Lkl. Skagastrandar
Lions Quest fulltrúi	Anna K. Gunnlaugsdóttir, Lkl. Fold
MedicAlert og LCIF fulltrúi	Þórir Bergmundsson, Lkl. Akraness
Menningar og fræðslufulltrúi	Jósef H. Þorgeirsson, Lkl. Akraness
Umhverfisfulltrúi	Vígfús Halldórsson, Lkl. Nirði
Unglingamálafulltrúi	Haraldur Þ. Jóhannsson, Lkl. Höfða

FUNDARTÍMAR LIONSKLÚBBBA Í 109 B 2005-2006

1B	Lkl. Baldur Lkl. Engey Lkl. Njörður Lkl. Úlfar Lkl. Váli	2 og 4 mið. 2 og 4 mán.. 1 mið. 1 fim. 2 og 4 þri.	18.15 19.30 18.00 18.30 20.00	Kaffi Reykjavík Lionsheimilið við Söltún Kaffi Reykjavík Holtakráin, Grafarholti Grenskáirkirju, Reykjavík
2B	Lkl. Fjörgyn Lkl. Fold Lkl. Mosfellsbæjar Lkl. Týr	2 og 4 fim. 1 og 3 mán. 2 og 4 fim. 2 og 4 mið.	19.00 19.00 19.00 18.45	Lionsalur Grafarvogskirkju Lionsheimilið við Söltún Félagshæimilið Hlégarður Versalir við Hallveigarstíg
3B	Lkl. Agla Lkl. Akraness Lkl. Borgarness Lkl. Eðna, Akranesi	1 þri. 1 og 3 þri. 2 og 4 þri. 2 þri.	19.30 19.00 19.30 19.30	Hótel Borgarness Lionshúsið, Suðurgötu 108 Golfhótelinu við Borgarness Lionshúsið, Suðurgötu 108
4B	Lkl. Búðardals Lkl. Grundarfjarðar Lkl. Harpa Lkl. Stykkishólms Lkl. Nespinga Lkl. Þernan Lkl. Ólafsvíkur Lkl. Rán	1 og 3 fim. 4 mið. 1 fim. 2 og 4 fim. 1 og 3 þri. 2. mið. 2 og 4 sun. 2 og 4 fim.	20.30 20.00 20.00 20.30 21.00 20.00 20.30 20.30	Rauðakrosshúsið Hótel Framnes Lionshúsið, Stykkishólmi Lionshúsið, Stykkishólmi Félagshæimilið Röst Félagshæimilið Röst Safnaðarheimilið Félagshæimilið Klif
5B	Lkl. Bolungarvíkur Lkl. Ísafjarðar Lkl. Patreksfjarðar Lkl. Önuarfjarðar	2 og 4 mið. 2 og 4 þri. 1 og 3 sun. 2 og 4 mið.	19.30 19.30 10.00 21.00	Finnabær Hótel Ísafjörður Safnaðarheimilið Brattahlíð Lionsheimilið, Flateyri
6B	Lkl. Bjarni Lkl. Björk Lkl. Blönduóss Lkl. Hólmavíkur Lkl. Höfði, Hofsósi Lkl. Sauðárkróks Lkl. Siglufjarðar Lkl. Skagafjarðar Lkl. Skagastrandar	2 og 4 mið. 1 mið. 2 og 4 þri. 2 mið. 1 og 3 þri. 1 og 3 mið. 1 og 3 fim. 1 og 3 mið. 2 mið.	20.30 20.00 20.30 19.30 21.00 19.30 19.00 21.00 20.00	Lionsalurinn, Hafnarbr. 2, Hvammst. Cest la Vic, Sauðárkróki Húnaþraut 13 Hús kvenfélagsins Félagshæimilið Höfðaborg Krókurinn Lionshúsið, Suðurgötu 6 Löngumýri, Varmahlíð Fellsborg
7B	Lkl. Akureyrar Lkl. Dalvíkur Hrærekur Hængur Sunna Vitaðsgjafi Ósp	2 og 4 fim. 1 og 3 fim. 1 mið. 1 og 3 fim. 2 þri. 2 og 4 þri. 2 fim.	19.30 21.00 20.00 19.00 20.00 20.30 19.30	Sítalavogur 11A Dalvíkurkirkja Árskógssandur Skipagata 14, 4. hæð Dalvíkurkirkja Hrafnagilsskóli Hótel KEA
8B	Fontur, Þórshöfn Húsavíkur Þengill	1 og 3 lau. 1 og 3 fim. 1 og 3 mið.	20.30 19.00 21.00	Félagshæimilið Þórsver Lionsheimilið Bakki Gernivíkurskóli

FUNDARTÍMAR LIONSKLÚBBBA Í 109 A 2005-2006

1A	Lkl. Eskifjarðar Lkl. Múli Lkl. Seyðisfjarðar	1 og 3 mið. 1 og 3 fim. 1 og 3 fim.	19.30 20.30 19.00	Sýsavarnahúsið Hótel Hérað Óldutún, Félagsh.aldarðra
2A	Lkl. Djúpvogsvogs Lkl. Svanur Lkl. Fáskrúðsfjarðar	1 og 3 mán. 1 og 3 fim. 2 og 4 þri.	21.00 20.30 20.00	Hótel Framtíð Nesbúð, sýsavarnarhúsið Hótel Bjarg
3A	Lkl. Fylkir Lkl. Hornafjarðar Lkl. Kolgríma Lkl. Skyggfir Lkl. Suðri	1 mið. 2 og 4 mið. 1 mán. 2 og 4 mán. 2 og 4 mán.	21.00 19.30 20.00 20.30 20.30	Hótel Kirkjubæjarklaustur Pakkhúsinu Hótel Höfn Hellubíó Ströndin í Vikurskála, Vík
4A	Lkl. Emblu Lkl. Geysir Lkl. Hveragerðis Lkl. Laugardals Lkl. Selfoss Lkl. Vestmannaeyja Lkl. Þorlákshafnar	2 og 4 þri. 1 og 3 mið. 2 og 4 mán. 2 og 4 fim. 1 og 3 mán. 2 og 4 mán. 2 og 4 mið.	21.00 21.00 19.30 20.30 19.30 20.30 20.30	Pakkhúsið Félagshæimilið Aratunga Hótel Örk Barnaskólinn á Laugarvatni Gesthús, Engjavegi 84 Arnardrangur, Heiðarvegi 7 Egilsbraut 9
5A	Lkl. Garður Lkl. Grindavíkur Lkl. Keilir Lkl. Keflavíkur Lkl. Keflavíkur Lkl. Njarðvíkur Lkl. Sandgerðis Lkl. Æsa	2 og 4 mið. 1 og 3 fim. 1 og 3 mið. 2 þri. 2 og 4 mið. 1 og 3 mið. 2 og 4 þri. 1 og 3 þri.	20.30 19.30 20.30 19.30 19.00 19.00 19.00 18.30	Lionshúsið, Efra-Sandgerði Salthúsið við Stambólsvog Lionsheimilið, Sólvalum, Flughótel, Keflavík Flughótel, Keflavík Hólagötu 15 Lionshúsið, Efra-Sandgerði Flughótel, Keflavík
6A	Lkl. Álftaness Lkl. Ásbjörn Lkl. Eik Lkl. Garðabæjar Lkl. Hafnarfjarðar Lkl. Kaldá	1 og 3 fim. 1 og 3 fim. 3 þri. 2 og 4 þri. 2 og 4 fim. 2 þri.	19.00 19.15 19.00 19.30 19.00 19.00	Íþróttahús Álftaness Gaff-inn, Hafnarfirði Garðabergi, Garðabæ Vidalínskirkju, Garðabæ Haukaheimilinu, Hafnarfirði Gaff-inn, Hafnarfirði
7A	Lkl. Egir Lkl. Freyr Lkl. Fjallnir Lkl. Eir Lkl. Reykjavíkur	2 og 4 mið. 1 og 3 mán. 2 og 4 þri. 1 mán. 3 fim.	18.30 18.45 18.30 19.00 19.00	Sundaborg Sunnusal Hótel Sögu, Lionsheimilið við Söltún Lionsheimilið við Söltún Versalir við Hallveigarstíg
8A	Lkl. Kópavogs Lkl. Muninn Lkl. Seljatarness Lkl. Viðarr Lkl. Ýr Lkl. Þór	2 og 4 mið. 1 og 3 mið. 2 og 4 þri. 1 og 3 mið. 2 og 4 mán. 1 og 3 þri.	19.00 19.15 19.00 19.00 19.15 19.00	Lundur, Auðbrekku 23 Lundur, Auðbrekku 23 Félagshæimilið, Seljatarnessi Lionsheimilið við Söltún Lundur, Auðbrekku 23 Lionsheimilið við Söltún

Athugasemd: Upplýsingar þær um fundartíma sem hér eru birtar eru með fyrirvara þar sem sumir klúbbar breyta stundum fundarastað og tíma fyrirvararlaust.

Haukur Þorvaldsson, Lkl. Hafnarfjarðar

Fjársöfnun Ljóssins, endurhæfingar- og stuðningsmiðstöðvar fyrir krabbameinssjúka og aðstandendur þeirra

Í byrjun þessa árs mun Ljósið, nýstofnuð samtök krabbameinssjúkra og aðstandenda þeirra, hefja fjársöfnun. Hugmyndin er að senda öllum Lionsklúbbum landsins bréf þar að lútandi. Ég hef verið félagi í Lionsklúbbi Hafnarfjarðar nú um tveggja ára skeið og hef fylgst með hvernig starfsemi Lions hefur létt undir með mörgum málefnum sem okkur hefur borist beiðni um að styrkja. Þær eru ekki margar styrktarbeiðnirnar sem ekki hefur verið brugðist við frá okkar klúbbi.

Hvað er Ljósið?

Ljósið er samtök einstaklinga, fag- lærðra iðjufélaga og sjúkrahjálfa á samt hópi krabbameinssjúklinga, sem tekið hafa höndum saman í starfsemi sem snýr að endurhæfingu fólks sem greinst hefur með krabbamein.

Á hverju ári greinast æ fleiri með krabbamein. Krabbamein er samheiti yfir margar gerðir krabbameina. Sum eru krabbamein bráða- tilfelli, önnur eða flest krabbamein eru sem hægt er að halda niðri eða hreinlega lækna. Fjölgað hefur þeim tilfellum þar sem fólk hefur fengið fullan bata að nýju og getað snúið að fullu til fyrri starfa. Samt er stór hópur fólks sem gengur með sinn krabbameinssjúkdóm svo árum skiptir og ýmist getur unnið með sinni meðferð eða verður með öllu óvinnufært. Því andlega álagi sem hver og einn sem greinist verður fyrir er ekki hægt að lýsa með orðum. Bæði fyrir sjúklinginn sem oft á tíðum er í blóma lífsins og eins hans nánustu aðstandendur hrynur veröldin í bóksaflegum skilningi. Sjúklingurinn upplifir þunglyndi, kvíða og mikinn ótta.

Að sögn sálfræðinga eru um 80-90 % af sjúklingunum sem falla í þunglyndi og mikinn kvíða. Veröldin bókstaflega hrynur þar sem krabbameinssjúkdóm einstakling er snögglega kippt út úr hinu hversdagslega lífi og komið í meðferð við sjúkdómi sem oft á tíðum verður fólk að aldurtala. Við, sem erum með krabbamein, höfum upplifað þetta margur hver og vitum um hvað við erum að tala.

Þó að læknavísindin séu alltaf að komast lengra og lengra í þeirri framþróun að geta læknað krabbamein taka meðferðir oft langan tíma. Það er staðreynd að með jákvæðu hugarfarari sjúklings eru horfur til bata meiri en hjá þeim sem hafa neikvætt hugarfar. Þess vegna er áriðandi að einstaklingur greindur með krabbamein geti notið sem bestar aðhlyningar í jákvæðu félagslegu umhverfi með sjúkrahjálfun og eins iðjuþjálfun, þar sem einstaklingurinn er innanum fólk sem hefur lent í svipaðri aðstöðu og tekið hefur á sínum málum. Í hverri viku fjölga þeim sem sækja hópastarf Ljóssins. Tekið er á móti hverjum einstakling með eins mikilli hlýju og nærgætni og unnt er.

Frá því í haust, þegar starfsemi Ljóssins hófst, hefur orðið sífelld aukning í starfsemi miðstöðvarinnar. Við höfum aðstöðu í safnaðarheimili Neskirkju þar sem kirkjan hefur verið okkur mjög hjálpleg með alla aðstöðu og mætt okkar sjónarmiðum af mikilli velvild. Starfsemin hefur verið unnin í sjálfböðastarfi hingað til af

nokkrum einstaklingum sem með brennandi áhuga sjá hina miklu þörf til að gera betur í því að drífa krabbameinssjúkra einstaklinga á fulla ferð til að takast á við lífið á nýjan leik.

Forstöðumaður Ljóssins, Erna Magnúsdóttir, er fyrrverandi starfsmaður Landspítala-Háskólasjúkrahúss sem við vinnu sína sem iðjuþjálfari sá hina miklu þörf fyrir að gera betur í aðhlyningu krabbameinssjúkra. Með brennandi áhuga hefur hún fengið í lið með sér nokkra einstaklinga sem barist hafa við hin illvíg sjúkdóm og eins fleiri fagmenntaða sem með sínum eldmóði hafa keyrt starfsemi Ljóssins áfram. Nú er svo komið vegna sívaxandi aðsóknar í félagsstarf Ljóssins að við verðum að ráða starfsmann til að halda utanum starfsemi. Vegna þess að öll starfsemi félaga kostar peninga förum við nú af stað með fjársöfnun til handa starfsemi. Ætlunin er að geta stóraukið þjónustu miðstöðvarinnar þannig að aðstandendur og eins krabbameinssjúkir geti leitað til okkar hvenær sem er. Eins er ætlun-

in að kaupa verkfæri til handverks s.s. brennsluofn fyrir leir og fleira þannig að við getum boðið okkar skjólstæðingum uppá iðjuþjálfun af flestu tagi.

Listinn með hugmyndum okkar er ótæmandi og alltof langt mál væri að telja allt upp. Tilgangurinn er einungis að félagsmenn okkar geti haft úrræði önnur en að þurfa að berjast við þunglyndi, kvíða, ótta eða tilgangssleysi og að þeir sjái Ljósið á nýjan leik í því að takast á við nýtt hlutverk í lífinu, hlutverkið að takast á við sinn sjúkdóm með jákvæðu hugarfarari sem að sjálfsgöðu skilar sín til þeirra nánustu aðstandenda.

Ég el þá von í brjósti að Lionshreyfingin taki vel á móti okkar beiðni um stuðning og ef óskað er, erum við tilbúnir að mæta á fundi klubbanna og útskýra betur þá starfsemi sem fer fram hjá Ljósinu.

Haukur Þorvaldsson
Netpóstfang:
haukurthorvalds@yahoo.com

Fjölumdaemis- og umdaemisping 2006

Nýárskveðja frá Akranesi

Nú styttist í helgina 1. til 3. júní þegar Lionsfélagar um allt land fjölmenna til Akraness á eina glæsilegustu samkomu ársins á landsvísi!!

Gistingamál hafa verið sett í nefnd.

Ljóst er að nálægðin við Reykjavík, með tilkomu Hvalfjarðarganganna, veldur meiri óvissu um gistiþörf á þingstað en verið hefur. Það er því nauðsynlegt að kynna ykkur hvaða kostir eru í boði hér um slóðir og hvaða tímasetningar og verð eru í gildi.

Þeir sem vilja fá gistingu sem kynnt er hér að neðan þurfa að panta og ganga frá greiðslu fyrir 15. apríl n. k. Þeir sem ekki hafa gert það, þurfa að leysa sin gisti-

mál sjálfir og verða þá ekki aðnjótandi tilboða þeirra sem samið hefur verið um.

Gistimöguleikar:

Tjaldsvæði bæjarins, heitt vatn, kalt vatn, rafmagnstengingar og aðgangur verður alltaf mögulegur að sundstöðum og þar með sturtu. Verð samkvæmt gjaldskrá tjaldsvæðis. (5 mín. gönguferð á þingstað)

Íþróttahúsið Jaðarsbökkum (við þingstað).

5 manna herbergi, WC og sturta í hverju herbergi, kostar kr. 2.500,- á mann nóttin.

Nokkrir gistimöguleikar eru á Akranesi, nánari upplýsingar um þá í síma 8924383 og utan Akraness, Hótel Glymur skv. gjaldskrá þeirra.

Hótel Borgarnes
2ja manna herbergi kr. 9000 á sólarhring, uppþúið rúm með morgunmat.

1 manns herbergi kr. 7000 á sólarhring, uppþúið rúm með morgunmat.

Hótel Hamar (Golfhótelid við Borgarnes).

2ja manna herbergi kr. 12.000 á sólarhring, uppþúið rúm með morgunmat.

Verðtilboð þessi gilda til 15. apríl. Eftir 15. apríl verður hver að sjá um sig.

Fh. gistinefndar,
Ófeigur Gestsson
Sími: 8924383

Kristján Carlsson Gränz, Lkl. Njarðvíkur

Lionsklúbbur Njarðvíkur

Njarðvíkingar eru teknir við sér en hafa þó ekki legið í dvala. Starfsárið byrjaði með hefðbundnu sniði og fundahaldi en helst ber að nefna Jeppaferð klúbbsins sem er orðinn árlegur viðburður.

Í haust fór stór hluti klúbbfélaga á jeppum sínum í Veiðivötn til að njóta góðra stunda í góðum félagsskap. Var ferðin áfallalaus og skemmtu menn sér alveg stórkostlega. Ferðin var rúmlega dagsferð og gisti hópurinn á Laugabakka og snæddi þar ljúf-fengan mat. Þegar líða tók á kvöld kom söngfuglinn og hristi upp í mannskapnum sem vakti frameftir í góðum gir með hluta af Lionsbandi klúbbsins.

Jólafundur

Jólafundur var haldinn þann 16. desember sl. með prompi og prakt í fundarsal klúbbsins.

Að venju var margt um manninn og mjög góður matur á boðstólum. Fengu allir makar, sem og makar lát-



Á jólafundinum voru 7 nýir félagar teknir inn í klúbbinn, þeir Ásmundur, Sigurður, Haukur, Haraldur, Gunnlaugur, Hólmsteinn og Þórarinn

inna félaga sem voru heiðursgestir fundarins, jólagjöf frá jólasveininum Sr. Þorvaldur Karl Helgason biskupsritari var einnig gestur fundarins og flutti hann okkur jólahugvefju, en til

gamans má geta þess að stórt hlutfall klúbbfélaga gekk til altaris hjá honum á fermingaraldrinum. Var fundurinn fjörugur og mjög lifandi með lifandi tónlist stuttu eftir matinn þar sem Magnús Þór Sigmundsson spilaði á gítar nokkur falleg og hugljúf lög.

Þá má ekki gleyma einum stærsta atburði fundarins sem var inntaka nýrra félaga. Í samræmi við áhersl-

ur í starfi Lions um fjölgun í klúbbum tók Njarðvíkurklúbburinn heldur betur við sér því að á jólafundinum voru 7 nýir félagar teknir inn í klúbbinn og er það mesta fjöldi nýrra félaga sem tekinn hefur verið inn á einum fundi og jafnvel á heilu starfsári klúbbsins. Þjóðum við þá því velkomna í starfið.

Pálmi Hannesson, útbreiðslustjóri, Lkl. Garði

Til hamingju Lkl. Njarðvíkur!

Það er ekki á hverjum degi sem manni er boðið á fund þar sem 7 nýir félagar eru teknir inn í Lionsklúbb, en það er einmitt það sem ég upplifði nú fyrir jólnin. Þá, þann 16. desember síðastliðinn, var mér boðið á jólafund hjá Lkl. Njarðvíkur þar



Pálmi Hannesson

sem 7 nýir félagar voru teknir inn í klúbbinn og vil ég óska Harald Helgasyni formanni og félögum til hamingju með þessa góðu fjölgun, en þess má geta að Haraldur var meðmælandi fjögurra félaganna.

Það er alltaf verið að tala um fjölgunarmál og hvað sé til ráða. Það er ekki til nein ein uppskrift af fjölgun, en sú aðferð sem þeir Njarðvíkingar nota er sú sem gefst alltaf best, þ.e. maður á mann.

Samkvæmt skýrslu sem kom frá Alþjóðaskrifstofu Lions í Oakbrook þá hefur okkur fækkað. Á tímabilinu júlí til enda nóvember hefur fækkað um 11 félaga í A umdæmi en um 45 félaga í B umdæminu þrátt fyrir að 15 nýir félagar hafi bæst við í A umdæmi og 7 í B umdæmi á þessu tíma-

bili. Þetta er fækkun upp á 56 félaga sem er alls óviðunandi. Þetta er þróun sem við þurfum að vinna gegn.

Ágætu Lionsfélagar, ég vil hvetja ykkur til að líta í kring um ykkur. Gæti ekki verið að það leyndist einhver góður félagi sem hægt væri að bjóða í klúbbinn ykkar? Tökum höndum saman og snúum vörn í sókn!

Bestu Lionskveðjur og ósk um gæfuríkt ár.

Ólafur Bjarni Halldórsson, ritari, Lkl. Ísafjarðar Framfarir í heilsgæslu á Ísafirði

Undanfarnar vikur hefur staðið yfir fjársöfnun vegna kaupa á sneiðmyndataeki fyrir Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði.

Undirtektir fyrirtækja, félagasamtaka og einstaklinga á svæðinu hafa verið einstaklega góðar og hefur það markmið náðst að safna fyrir andvirði tækisins sem er um 12 milljónir.

Sneiðmyndataekið er japanskt að Toshiba gerð og mun það leiða til mikilla framfara í heilslugæslu á svæðinu, auka möguleika á sjúkdómsgreiningum og draga úr þörf á að senda sjúklinga í burtu til skoðunar.

Lionsklúbbur Ísafjarðar lagði málinu lið með framlagi að fjárhæð kr.



fimm hundruð þúsund. Eru þeir fjármunir afrakstur af skötu- og harðfiskverkun klúbbsins.

Á meðfylgjandi mynd er formaður klúbbsins Eiríkur Jóhannsson að afhenda Eiríki Finni Greipssyni framlag okkar.

Lionsklúbbur Ísafjarðar er enn trúr þeirri hugsjón sinni að leggja góðum málum lið.

Kristinn Hannesson, Lkl. Mosfellsbæjar, verkefnastjóri SightFirst II, Freyr ryður brautina

Fyrir tilstilli Lkl. Freys í Reykjavík, sem fyrstur íslenskra Lionsklúbba óskaði eftir fyrirlestri um Campaign SightFirst II, geta Lionsfélagar á Íslandi verið stoltir yfir því hvernig verkefnið fer af stað hérlendis.

Klúbburinn ákvað strax á næsta fundi að gerast "Model Club". Lkl. Freyr varð ekki aðeins fyrsti klúbburinn á Íslandi heldur fyrsti klúbburinn á Norðurlöndum til að taka þessa ákvörðun og jafnframt fyrsti klúbburinn í Evrópu til að uppfylla að fullu þau skilyrði sem sett eru fyrir Model Club.

Að öðrum félögum klúbbsins ólöstuðum er það ekki síst að þakka elju Gunnars Kr. Gunnarssonar að þetta varð að veruleika en hann sýndi mál-efninu strax mikinn áhuga og vann að því allt til enda.

En hvað er "Model Club".

„Model Club“ er SightFirst fyrirmyndarklúbbur, Lionsklúbbur sem vegna sérstaks áhuga á SightFirst verkefninu ákveður að vera í leiðtogahlutverki og öðrum klúbbum til fyrirmyndar í þessu stærsta söfnunarátaki sem Lionshreyfingin hefur staðið fyrir. Allir aðrir klúbbar innan

hreyfingarinnar munu líta upp til Modelklúbba og bera virðingu fyrir framtaki þeirra.

Modelklúbbar munu:

- Sýna fram á hversu öflugir klúbbar geta verið, óháð stærð þeirra eða staðsetningu
- Með framtaki sínu hvetja alla aðra klúbba til að leggja sitt að mörkum
- Fá sérstaka viðurkenningu og verða getið meðal annarra Modelklúbba á alþjóðáþingi
- Öðlast þakklæti annarra Lionsklúbba

Hvað þarf til að verða Model klúbbur.

- Fyrst og fremst þurfa félagar klúbbsins að vera tilbúnir til að rétta blindum hjálparhönd, ekki aðeins á heimavelli, heldur um allan heim

- Modelklúbbur ætti að setja markið eins hátt og hann treystir sér til en klúbburinn þarf að samþykka að leggja að "lágmarki" 400 bandaríkjadali fyrir hvern féлага í verkefnið
- Upphæðina má greiða á 3 árum og að sjálfsgöðu úr líknar- verkefna- eða styrktarsjóðum klúbbsins

Eins og fyrr sagði þá hefur Lkl. Freyr þegar gengið að fullu frá sínum málum og greitt 400 dali fyrir hvern féлага klúbbsins til verkefnisins. Lkl. Freyr er ekki eini klúbburinn á Íslandi sem tekið hefur þessa ákvörðun því Lkl. Njörður í Reykjavík hefur einnig ákveðið að gerast Modelklúbbur og eru þeir nú að vinna að fjáröflun til verkefnisins.

Upplýsingar um Campaign SightFirst II má finna á vefsíðunni www.mmedia.is/kristh

Magnús Steingrímsson Lkl. Vála Lionsþing

Geta þau haft varanleg áhrif á líf manns?

Árið 1983 var ég félagi í Lkl Keili í Vogum, nýr Lionsfélagi en samt sendur á þing sem verðandi gjaldkeri. Þingið var að þessu sinni haldið á Ísafirði.

Þarna sat maður með öllum þessum Lionsköllum (konur voru ekki enn Lions). Þetta var í fyrsta sinn sem ég fór á þing af nokkru tagi, vissi ekkert í minn haus. Ég geri bara eins og hinir hugsaði ég.

Svo hófst þingið, langar ræður um málefni sem ég skildi lítið í, en lét mig hafa það. Þarna voru tekin fyrir mál m.a. um söfnun með Rauðri Fjöður sem skyldi renna til kaupa á línuhraðli hvað sem það nú var. Auðvitað rétti ég upp höndina eins og allir hinir. Það var einnig talað um að stofna MedicAlert á Íslandi þetta var auðskilið og bráðsniðugt og upp fór höndin með öllum hinum.

Næsta ár seldum við Rauða Fjöður með öðrum Lionsmönnum. Síðan heyrði ég lítið um þetta nema það sem kom í blöðunum.

Litla hugmynd hafði ég um hve gífurleg áhrif þessar tvær handauppréttingar ættu eftir að hafa á líf mitt. Árið 1992, á umdæmisstjórnarfundi í Freysnesi, fer Ólafur Briem umdæmisstjóri að tala um að það vanti menn til að grafa á MedicAlert merki. Ég var til í að reyna og lærði á vélina af Jóhannesi Pálmasyni og



Magnús Steingrímsson

síðan hef ég setið við hana löngum stundum með félögum mínum í Vála.

Síðasta sumar fékk ég að kynnast hinni handauppréttingunni. Ég greindist með krabbamein í blöðruhálskirtli. Og ég fékk að kynnast því hvað línuhraðall gerir fyrir mann. Ég mætti þarna alla virka daga í rúmar sjö vikur alls 37

sinnnum og samkvæmt síðustu skoðunum virðist meinið horfið.

Það fer því ekki hjá því að manni hafi verið hugsað til Ísafjarðar í vetur. Flest allir veikjast eitthvertíma á lífsleiðinni, mismikið að vísu. En hugsum við nokkurn tíma til þeirra sem hafa komið að eða verið frumkvöðlar að söfnun fyrir tækjum sem dreifð eru á sjúkrahöfnarnir um allt land og hjálpa okkur til heilsu á ný?

Ég veit að línuhraðallinn sem við söfnuðum fyrir hefur verið endurnýjaður en það var Lions sem byrjaði og hann var bylting í geislunarlækningum á Íslandi, fyrir það færi ég þeim þakki. Ég dreg ekki í efa að önnur tæki sem Lions og önnur líknarfélög hafa safnað fyrir eru að hjálpa fólki um allt land án þess að það fólk hafi hugmynd um það eða leiði hugann nokkurn tíma að því.

Mig langar að þakka Lions, þeim sem vinna við þessi tæki og landsmönnum fyrir mig.

Alþjóðasamskipti

Ég hélt að ég myndi geta sinnt því sem ég tók að mér í haust betur en raun er á orðin. En því miður hefur heilsan ekki leyft það eða kannski er ég bara að leita að afsökun á leti.

Ekkert hefur gerst í gámamálum og við verðum sennilega að leita annarra leiða til að losna við dótið sem í honum er, hverjar sem þær verða. Hafi einhver góða hugmynd yrði hún vel þegin.

Framundan er stórt mál sem skarast með alþjóðasamskiptum. Það er Sight First II verkefnið og er ástæða til að hvetja alla Lionsklúbba til þátttöku í því og til að vinna að því máli vel, líkt og í síðasta Sight First verkefni. Ég hvet alla Lionsfélaga til að kynna sér það mál á heimasíðu Sight First II sem Kristinn Hannesson, verkefnastjóri SightFirst II hefur sett upp: <http://www.mmedia.is/kristh/csf.htm>

LCIF er enn eitt málið sem skarast við alþjóðasamskipti og full ástæða til að hvetja til þátttöku í því. Alþjóðahjálparsjóðin ættu allir Lionsklúbbar að styðja árlega.

Önnur verkefni sem hægt er að taka þátt í á sviði alþjóðasamskipta eru nánast óþrjótandi t.d. á vegum Lions: Unglingaskipti, NSR-verkefni smá og stór, vinaklúbbatengsl og

heimsóknir í klúbba í öðrum löndum þegar við dveljumst erlendis. Einnig er hægt að sinna verkefnum utan Lions eins og SOS og ABC barnaþorpi og ótal fleirum. Þessi verkefni þurfa ekki endilega að kosta mikla fjármuni. Aðalatriðið er að muna að við erum í alþjóðlegum samtökum og okkur kemur neyð annarra við jafnt þótt að þeir séu ekki samlandar okkar, eins á litinn og við eða hafi önnur trúarbrögð.

Munum að Markmið Lionsklúbba nr 1 er

„Að virkja og efla anda skilnings meðal þjóða heims“

Skýrar er ekki hægt að orða alþjóðasamskipti.

Magnús Steingrímsson, alþjóðasamskiptafulltrúi 109B, Lkl. Vála



Jóhannes Ólafsson, Lkl. Ólafsvíkur

Heimsókn í Krílakot



Á aðfangadagsmorgun um síðustu jól hélt Lionsklúbbur Ólafsvíkur leikfangahappdrætti í Félagsheimilinu Klifi. Happdrætti þetta er hugsað til að dreifa huga barnanna áður en kemur að jólnum og er alls ekki hugsað sem fjáröflun. Stefnt hefur verið að því að kaupa vinninga fyrir alla innkomu happdrættisins svo að ekki verði hagnaður af verkefniinu.

Jólin 2004 brugðust áætlanir Lionsmanna og sala varð talsvert meiri en gert hafði verið ráð fyrir. Hagnaður varð af happdrættinu og var samþykkt að verja honum til að kaupa bækurnar Íslenskir fuglar og Íslensk spendýr og gefa til Leikskólans Krílakots.

Um síðustu jól jókst salan enn meir og seldust 1153 miðar. Þrátt

fyrir að félagar í klúbbnum hafi rokið í búðir 5 mínútur fyrir úrdrátt og keypt fleiri vinninga þá varð hagnaður af happdrættinu og eftir að haft var samráð við leikskólastjóra Krílakots var ákveðið að Lionsklúbburinn festi kaup á dvd spilara og 11 dvd myndum sem færðar voru leikskólanum að gjöf þann 16. janúar s.l.

Sá háttur er hafður á í leikskólanum að börnin fá „bíó“ u.þ.b. einu sinni í mánuði og munu myndirnar því endast eitthvað fram eftir ári.

Á meðfylgjandi mynd er Aðalsteinn Snæbjörnsson formaður Lionsklúbbs Ólafsvíkur að afhenda Árdísi Kristínu Ingvarsdóttir gjafirnar, með þeim á myndinni er Jónas Gestur Jónasson formaður happdrættisnefndar klúbbsins auk nokkurra leikskólabarna.

Þingnefnd Norðurlandapings Lions - NSR

Fjölumdamisstjóri hefur skipað nefnd sem annast undirbúning og framkvæmd Norðurlandapings sem haldið verður hér á landi í janúar að ári.

Í nefndinni eru:

Halldór Kristjánsson, Lkl. Ásbirni, formaður

Jón Bjarni Þorsteinsson, Lkl. Mosfellsbæjar

Margrét Jónsdóttir, Lkl. Fold

Kristinn Hannesson, Lkl. Mosfellsbæjar

Helga L. Guðmundsdóttir, Lkl. Eir

Geir Hauksson, Lkl. Hafnarfjarðar

Rannveig Ingvarsdóttir, formaður Lkl. Foldar

AFMÆLISFERÐ

Lionsklúbburinn Fold átti 15 ára afmæli síðastliðið haust. Af því tilefni var haldið í afmælis- og skemmtiferð til Budapest í Ungverjalandi og buðum við mökum okkar með.



Rannveig Ingvarsdóttir.

Þetta var fjórtíu manna hópur, en fjórir félagar áttu ekki heimangengt af ýmsum ástæðum. Í klúbbnum eru 26 félagar, þar af 10 stofnfélagar sem enn eru í klúbbnum og voru þeir heiðraðir sérstaklega við þetta tækifæri.

Ymislegt var gert sér til skemmtunar, farið í kynnisferð um borgina, siglt um Dóná og borðaður hátíðarkvöldverður þar sem við nutum ungveskrar tónlistar í leiðinni.

Sumir fóru í hin viðfrægu baðhús þeirra og það verður lengi í minnum haft. Og svo var að sjálfsgöðu kíkt aðeins

í búðir og bari og margt fleira.

Ferðin tók 5 daga og heppnaðist í alla staði frábærlega vel.

Munið minningarkort Lions

Falleg minningarkort Lions

fáanleg hjá öllum

Lionsklúbbum og á skrifstofu

Lionshreyfingarinnar í síma 561 3122.

Styrkjum fjölbreytt líknarverkefni

Lionshreyfingarinnar

Lionshreyfingin

Séra Árni Bergur Sigurbjörnsson

Þann 17. september 2005 andaðist séra Árni Bergur Sigurbjörnsson. Árni Bergur var stofnfélagi í Lionsklúbbs Ólafsvíkur. Hann var ritari klúbbsins 1975-1976 og einnig var hann í ýmsum nefndum klúbbsins. Árni var með 100% mætingu í þau 6 ár sem hann var í klúbbnum. Hann flutti til Reykjavíkur 1980 og hætti þá í Lionsklúbbnum.

Árni var skemmtilegur húmoristi og oft var leitað til hans með ýmis vandamál sem komu upp á bernskuárum klúbbsins og ekki

síst ef félagar voru ekki sammála um ýmis málefni sem kom æði oft fyrir meðan við vorum að móta klúbbstarfið. Þá kom Árni með einföldustu lausnina á málunum.

Ég vil fyrir hönd Lionsklúbbs Ólafsvíkur þakka góðum félagamönnum þess árs sem hann átti með okkur, bæði sem félagi og sóknarprestur. Lilju, Hörpu, Magneu, Garðari og öðrum aðstandendum vottum við okkar dýpstu samúð.

f.h. Lionsklúbbs Ólafsvíkur
Kristján Helgason

Látinn er Hinrik Konráðsson í Moss, Noregi. Hann fæddist 20. september 1925 og lést 8. janúar 2006. Hinni, eins og hann var ætíð kallaður, var einn af stofnfélögum Lionsklúbbs Ólafsvíkur. Hinni gegndi mörgum störfum innan klúbbsins, var vararitari í fyrstu stjórn klúbbsins og formaður í næstu stjórn þar á eftir. Einnig var hann formaður stofnskrár-hátíðarnefndar.

Hinni var fyrst svæðisstjóri klúbbsins á svæði sem náði frá Búðardal til Akraness og vorum við stoltir af okkar manni. Hann var frumkvöðull að stofnun Lionsklúbbs Hnappdæla og ég veit að hann tók það mjög nærri sér er

Hinrik Konráðsson

hann frétti að klúbburinn væri hættur störfum.

Ég man er Hinni tók við svæðisstjórnastarfinu inni í Búðardal. Þá fór meir parturinn af klúbbnum með honum til halds og trausts. Þá var haldið svæðismót þar sem Lionsmenn komu saman. Því miður hefur þessi siður fallið niður, en þar kynntist maður öðrum Lionsmönnum og konum þeirra. Sú kynning hefur staðist öll þessi ár. Því miður urðu árin hans Hinna ekki nema fjögur í klúbbnum, því 1977 flutti hann til Noregs.

Hinni lét félagsmál mikið til sín taka hér. Meðal annars var hann sveitarstjóri. Hann var stofnfélagi í Leikfélagi Ólafsvíkur og var bæði í stjórn og lék í 10 leikritum. Þá var hann formaður verkalýðsfélags Ólafsvíkur í nokkur ár.


Hinni starfaði í Járnblendiverksmiðju í Moss og vann sig upp í verkstjórastöðu eða "Boss" eins og hann sagði mér í einu af mörgum símtölum er við áttum í gegnum árin. Hann hringdi í mig í nóvember sl. og áttum við tal saman í þrjá stundarfjórönguna og var margt rætt, og m.a.

um Lionsklúbbinn og Lionshreyfinguna. Hann var alla tíð Lionsmaður. Það má segja um Hinna "Einu sinni Lions alltaf Lions".

Hinni var tvíkvæntur. Fyrri kona Hinna var Kristín Sæmundsdóttir og áttu þau þrjá syni. Kristín lést fyrir nokkrum árum. Seinni kona hans er Elsa Konráðsson frá Noregi.

Ég vil fyrir hönd félaga okkar í Lionsklúbbi Ólafsvíkur votta aðstandendum öllum okkar innilegstu samúð. Við munum sakna góðs félaga.

*Fh. Lionsklúbbs Ólafsvíkur,
Kristján Helgason.*



Minning

Ingimar Sigurðsson

Ingimar Sigurðsson, félagi í Lionsklúbbum Munin, er fallinn frá. Hann var stofnfélagi og einn af máttarstólþum klúbbsins. Hann var heiðraður af félögum sínum, gerður að Melvin Jones félagi sem er æðsta viðurkenning sem Lionshreyfingin veitir.



Það er að hann var upphafsmaður að því að styrkja Íþróttafélagið Ösp með því að gefa bikara og verðlaunapeninga. Ingimar taldi að það hefði mikla þýðingu fyrir félagi þess að fá hvatningu til að taka þátt í uppbyggingu íþróttastarfi.

Hann var ávallt reiðubúinn að taka þátt í hverju því sem klúbburinn tók sér fyrir hendur og var ekki eiginlegt að gera mikið úr verkum sínum. Þegar fyrirlesarar komu á fundi til að kynna okkur hin ýmsu málefni var hann jafnan meðvitaður um efni þess. Hann spurði krefjandi spurninga og tjáði sig í örfáum orðum um efnið með skýrum og hnitmiðuðum hætti. Við félagarnir hlustuðum af áhuga á það sem hann lagði til málanna.

Ingimars verður sárt saknað úr okkar hópi. Blessuð sé minning um góðan Lionsfélagi.

Innilegar samúðarkveðjur sendum við börnum hans og fjölskyldum þeirra.

*f. h. Lionsklúbbsins Munins
Einar Long Sigurðsson*

Bragi Ólafson Thoroddsen

Bragi Ólafsson Thoroddsen fæddist í Vatnsdal við Patreksfjörð 20. júní 1917. Hann andaðist í Heilbrigðisstofnuninni Patreksfirði 8. október síðastliðinn og var útför hans gerð frá Patreksfjarðarkirkju 15. október sl.



Foreldrar Braga voru Ólafur Einarsson Thoroddsen bóndi og útgerðarmaður í Vatnsdal og Ólína Andrésdóttir húsfreyja í Vatnsdal. Bragi var 8. barn í röð 14 systkina þeirra hjóna en einnig átti hann tvo hálfbræður frá föður. Bragi kvæntist þann 12. maí 1945 Þórdísi Haraldsdóttur, frá Þorvaldsstöðum í Bakkafirði fædd þann 26. júní 1920. Börn þeirra Braga og Þórdísa eru: Úlfar f. 17. júlí 1945, Eiður f. 16. október 1946, Erlingur f. 15. júlí 1948, Björg, f. 20. nóvember 1950, 5) Ólína f. 26. febrúar 1952, og Ólafur f. 25. júlí 1953,

Bragi ólst upp á mannmörgu heimili í Vatnsdal hjá foreldrum sínum. Þótt formleg skólaganga væri ekki löng þá bætti hann úr því með sífelldu sjálfsnámi og fylgdist vel með fram á síðasta dag.

Á 18.ári lá leiðin til sjós á Vatneyrartogurinum og var hann þar að mestu næstu 13 ár eða fram yfir seinna stríð. Árið 1945 gerðist hann verkstjóri hjá Patreksshreppi

og var í því starfi í 10 ár. Árið 1955 réðst hann sem verkstjóri til Vegagerðar ríkisins og gegndi því starfi fram til ársins 1986 er hann lét af því embætti vegna aldurs.

Bragi var ötull í félagsmálum. Hann var lengi í kirkjukór Patreksfjarðarkirkju, einn af stofnendum karlakórs Patreksfjarðar og stofnfélagi í Lionsklúbbi Patreksfjarðar þar sem hann gegndi flestum embættum. Árið 1984 var Bragi gerður að Melvin Jones félagi og árið 2002 að heiðurs og ævifélaga Lionsklúbbs Patreksfjarðar. Þá starfaði hann í Leikfélagi Patreksfjarðar, endurreisti Skógræktarfélag Patreksfjarðar, stofnaði félag eldri borgara á Patreksfirði.

Bragi tók þátt í björgunarafrekini við Látrabjarg árið 1947 og kom að björgun skipsverja togarans Sargons er fórst undir Hafnarmúla í Patreksfirði árið 1948. Síðustu ár ævi sinnar dvaldi Bragi á Heilbrigðisstofnun Patreksfjarðar.

Lionsfélagar kveðja með söknuði kæran félagi og góðan vin, þakka honum samfylgdina og votta eiginkonu og fjölskyldu hans allri dýpstu samúð og biðjum Guð að blessa minningu hans.

*Fh. Lionsklúbbs Patreksfjarðar
Halldór Ó. Þórðarson.*

Nýtt Sælkerakaffi

á verði sem þú getur leyft þér



Rúbin
kaffi